# FRÉTTABLAÐIÐ

34. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 9. FEBRÚAR 2018




Hinir árlegu framadagar fóru fram í Háskólanum í Reykjavík í gær en megintilgangur þeirra er að gefa ungu fólki tækifæri til að komast í tæri við íslenskt atvinnulíf og fjölbreytt tækifæri erlendis. Gestir gátu kynnt sér starfsemi ýmissa stofnana. Yfir sextíu aðilar kynntu starfsemi sína og var ekki annað að sjá en nemar væru ánægðir með framtakið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Lögregla réð dönskum börnum frá Íslandsför

**Hótanir íslenskra unglinga í garð danskra enduðu með því að Dönunum var ráðlagt að hætta við ferð til Íslands í apríl. Skólastjóri segir að búið sé að vinna með þeim piltum sem báru ábyrgð, en samskiptin hafi farið vel yfir strikið.**

**LÖGREGLUMÁL** Danska lögreglan ráðlagði foreldrum grunnskólabarna í bænum Skive að senda þau ekki í ferð sem hafði verið fyrirhuguð til Íslands í apríl. Ástæðan er sú að börnin höfðu fengið skilaboð með hótunum frá íslenskum nemendum á Facebook.

Hópur nemenda í 9. bekk í Ingunnarskóla hefur verið í samskiptum við danskan skóla um verkefni sem lýtur að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, varðandi sjálfbærni, samskipti og annað.

„Nemendahópur frá okkur fór út til Danmerkur í nóvember," segir Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, skólastjóri Ingunnarskóla. Þar voru bæði íslensku nemendurnir og hinir dönsku fulltrúar ungu kynslóðarinnar á ráðstefnu. Guðlaug tekur fram að íslenski hópurinn hafi staðið sig vel í verkefninu. „Svo var hugmyndin að danskur hópur kæmi til Íslands í apríl. Það er bekkurinn sem íslenski hópurinn átti samskipti við."

Eftir ferðina stofnuðu krakkarnir Facebook-síðu sem þeir notuðu til að eiga samskipti. „Það er einhverjum hleypt þar inn sem eru ekki í verkefninu. Þeir krakkar fara yfir strikið og eins einhverjir danskir krakkar. Samskiptin urðu leiðinleg og fóru það vel yfir strikið að danska lögreglan mælir ekki með því að hópurinn fari til Íslands," segir Guðlaug.

Hún segir að búið sé að vinna með þá pilta sem áttu í þessum samskiptum í samstarfi við foreldra þeirra. „Við treystum okkar hópi til þess að taka vel á móti Dönunum en það er litið það alvarlega á þetta að þeim er ekki treyst til að koma."

Guðlaug segir að áfram verði haldið með verkefnið sem endi með sýningu á Barnamenningarhátíð í samstarfi við Myndlistarskólann í Reykjavík. – jhh

## Vissi af dómi ökukennarans

**SAMFÉLAG** Tvær konur segja ökukennara hafa áreitt sig með óviðeigandi ummælum í ökutímum. Ökukennarinn var dæmdur fyrir að níðast á stjúpdætrum sínum um miðjan tíunda áratuginn en hefur alla tíð haft réttindi til að starfa sem ökukennari, þar sem hann situr einn í bíl með ungmennum. Í Fréttablaðinu í gær var greint frá þessu og rætt við formann Ökukennarafélags Íslands, sem sagðist ekki vita til þess að starfandi ökukennari hér á landi hafi verið dæmdur fyrir kynferðislega misnotkun á börnum. Formaðurinn játar í samtali við blaðið í dag að hafa vitað af málinu, en mikilvægt sé fyrir fólk að fá annað tækifæri. – sa / sjá síðu 4



Björgvin Guðnason, formaður Ökukennarafélags Íslands

## Skýrslan dregst

**SAMFÉLAG** Útkoma skýrslu Hannesar Hólmsteins um erlenda áhrifaþætti efnahagshrunsins dregst fram á vor. – aá



### Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Þórlindur Kjartansson skrifar um verslunarrisann Costco. 9

**SPORT** Fanndís Friðriksdóttir ræðir um fyrstu mánuðina í herbúðum Marseille. 10

**LÍFIÐ** Samskiptaforritið Snapchat hefur sent frá sér nýja uppfærslu og hafa viðtökurnar verið frekar slæmar. 26

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


Meistaramánuður Íslandsbanka

Sparaðu eins og meistari

islandsbanki.is/meistari

## Veður




Minnkandi suðvestanátt og ofankoma um landið vestanvert en hvessir af austri með suðurströndinni í kvöld og fer að snjóa þar. Frost 0 til 8 stig, kaldast í innsveitum NA-lands. SJÁ SÍÐU 16

# Flogið með fálkann heim til Íslands



**LISTMUNIR** Djúpavogshreppur keypti útskorinn fálka eftir Ríkarð Jónsson á uppboði í London á þriðjudag fyrir tvö hundruð þúsund krónur.

Sagt var frá þessu í gær á nýjum vef Fréttablaðsins, frettabladid.is. Þar var vitnað til frásagnar á vef Djúpavogshrepps. Segir þar að Elísabet Guðmundsdóttir í Bakkabúð og Felicity og Michael Bullock hafi haft milligöngu um kaupin fyrir hreppinn. Þau síðarnefndu eiga Hvalnes í Lóni. Fálkinn verður til sýnis í Ríkarðssafni í Löngubúð.

Er Fréttablaðið greindi frá fyrirhuguðu uppboði á fálkanum kviknaði áhugi hér heima á að eignast gripinn sem seldist síðan á tvöföldu matsverði. – **dfb**

# Tóku forskot á sæluna




Fyrri hluti næstu viku er undirlagður hátíðahöldum sem matgæðingar og börn bíða spennt eftir. Bolludagur ríður á vaðið á mánudag með tilheyrandi fisk-, kjöt- og rjómabolluáti en strax í kjölfar hans, venju samkvæmt, fylgja sprengidagur og öskudagur. Þessi glaðlyndu systkin, Kristófer Leó og Kamilla Elín Óttarsbörn, litu við í Mosfellsbakaríi í gær með það að markmiði, að því er virðist, að þjófstarta bolludeginum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Leggja til að flýta um klukkustund

**HEILBRIGÐISMÁL** Starfshópur sem skipaður var til að kanna mögulegan ávinning af klukkubreytingu leggur til að klukkunni hér á landi verði flýtt um klukkustund. Hópurinn skilaði greinargerð þess efnis til heilbrigðisráðherra í gær.

Misræmi klukkunnar var leitt í lög árið 1968 með tilliti til efnahags- og viðskiptahagsmuna. Afleiðingin er sú að sólris og sólsetur er um klukkustund síðar hérlendis en tímabeltið gefur tilefni til.



Verði breytingarnar að veruleika mun birtustundum á morgnana yfir vetrarmánuðina fjölga um þrettán prósent. Þá fjölgar vetrardögum þar sem bjart er orðið klukkan níu að morgni um 64.

Ekki er lagt til að taka upp sumar- og vetrartíma.

Meirihluti þingmanna Evrópuþingsins greiddi í gær atkvæði með því að láta rannsaka áhrif þess að flýta klukkunni á vorin og seinka henni á haustin. Ef nauðsynlegt verður talið þarf að endurskoða reglurnar, segir í ályktuninni.

Finnland og Pólland eru meðal þeirra landa sem vilja hætta að breyta klukkunni. Rússar hættu að taka upp sumartíma árið 2011.

Vísindamenn við Karolinska Institutet í Stokkhólmi greindu frá því 2008 að rannsókn þeirra hefði leitt í ljós að fyrstu vikuna eftir að klukkan hafði verið færð fram á vorin hefði hjartaáföllum fjölgað um fimm prósent. Svefnmissir og meðfylgjandi svefntruflanir þóttu líklegasta skýringin. – **ibs, jóe**




# Stálu aðeins humri en létu þorskhnakka vera

Nokkur hundruð kílóum af humri var stolið úr hirslum Humarsölunnar í Reykjanesbæ á sunnudag. Tjónið hleypur á milljónum enda kílóverðið á gæðahumri um 6.000 krónur. Eigandinn segir ræningjana munu nást fyrr en síðar.

**LÖGREGLUMÁL** Humarsalan varar við því að humar, sem stolið var frá fyrirtækinu um helgina, kunni að vera til sölu. Búast má við því að meðhöndlun á humrinum hafi ekki verið góð þar sem fæstir hafa frystipláss fyrir jafnmikið magn sem var tekið.

„Þetta voru nokkur hundruð kíló sem voru tekin. Það eru ekki margir sem geta geymt svona magn og því þarf að koma þessum humri í verð og það fljótt. Kannski voru þjófarnir búnir að gera ráðstafanir,“ segir Guðjón Sigurðsson hjá Humarsölunni.

Humarsalan er með fínt myndavélakerfi en myndirnar voru óskýrar og ekki sést greinlega framan í viðkomandi. „Við sjáum þó hvernig þeir bera sig að. Fyrst koma þeir að gámnum á laugardagsmorgninum og opna hann. Næla sér að því er virðist í smá sýnishorn og koma aftur um nóttina með bíl og ná í humarinn.“

Lögreglan hefur fengið myndefnið úr eftirlitskerfinu og er að fara yfir það. „Ég hef fulla trú á að þjófarnir náist en það er full ástæða til að vara við að stolinn humar er í umferð og það eru ekki margir aðrir en við sem eru að dreifa humri á innanlandsmarkaði. Ef menn eru að fá boð um humar þá bið ég viðkomandi að snúa sér til lögreglunnar, því þetta er auðvitað risarán.“

Guðjón segir að hafi humarinn þiðnað og verið frystur aftur sé hann ekki jafn bragðgóður. „Þjófarnir vissu greinilega alveg hvað þeir voru að gera og humar er lúxusvara og ekki ódýr. Humarinn sem þeir tóku kostar um 6.000 krónur kílóið og vonandi er enginn búinn að kaupa stolinn humar því hann mun trúlega þurfa að skila honum þegar þessi kauðar verða handteknir.“




Þjófarnir komu undirbúnir og voru fljótir að bera tugi kassa af humri. Myndirnar úr öryggismyndavélunum eru ekki nógu skýrar til að þjófarnir þekkist.

> Þeir sem eru í þessum bransa að stela og ganga svona um eru yfirleitt algjörir aumingjar og hafa aldrei unnið handtak á ævi sinni. Þarna lenda þeir í því að þurfa að bera einhverja tugi kassa og þá liggja þeir væntanlega alveg búnir á því.
>
> Guðjón Vilhelm Sigurðsson, hjá Humarsölunni



Humarsalan er einnig með ferska þorskhnakka, steinbít, hörpudisk og risarækju en þjófarnir fúlsuðu við því góðgæti og einblíndu bara á humarinn.

„Ég er viss um að þessir menn liggja algjörlega „game over“. Þeir sem eru í þessum bransa að stela og ganga svona um eru yfirleitt algjörir aumingjar og hafa aldrei unnið handtak á ævi sinni. Þarna lenda þeir í því að þurfa að bera einhverja tugi kassa og þá liggja þeir væntanlega alveg búnir á því.“

Þó Guðjón hugsi ekki mjög hlýtt til þjófanna segir hann að það sé vel hægt að nota þá í vinnu ef þeir vilja breyta um lífsstíl. Þeir voru nefnilega þokkalega röskir með kassana. „Ég skal gefa þeim það að þeir voru djöfulli snöggir miðað við myndbandið. Það kom mér á óvart og það væri vel hægt að nota þá einhvers staðar ef þeir myndu nenna því.“ **benediktboas@365.is**

**MEISTARAVERK**

# 傑作

## GLÆSILEG VETRARSÝNING
## LEXUS Í KAUPTÚNI Á MORGUN KL. 12–16

Komdu og upplifðu þá natni og nákvæmni sem Takumi handverksmeistarar Lexus leggja í hvern einasta bíl. Við tökum vel á móti þér með ljúffengum veitingum og gæðakaffi frá Te og Kaffi. Einstakt tækifæri til að gera góð kaup á mest seldu hybrid-lúxusbílum heims.




**Lexus-Ísland** – Kauptúni 6, Garðabæ, 570 5400 – **lexus.is**

LEXUS
EXPERIENCE AMAZING

# Rannsóknarnefnd undirstrikar tillögu um vímuakstursstarfshóp

**SAMGÖNGUR** Brýnt er að rannsaka hvaða úrræði hafa gefist vel í öðrum löndum og leitt geta til breyttrar hegðunar ökumanna sem aka ítrekað undir áhrifum áfengis, lyfja eða vímugjafa.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa (RNSA) leggur til að samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið skipi hóp fagaðila á sviði réttarfars, refsivörslu og meðferðar gegn áfengis- og fíkniefnasýki til að vinna gegn ölvunar- eða fíkniefnaakstri.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í skýrslu rannsóknarnefndarinnar um banaslys sem varð á Öxnadalsheiði í júní 2016. Þar ók ökumaður á fimmtugsaldri á æðisgengnum hraða undir áhrifum lyfja. Reyndi hann framúrakstur með þeim afleiðingum að hann ók aftan á fólksbifreið sem kastaðist á smárútu sem kom úr gagnstæðri átt. Ökumaður fólksbílsins lést.

Áætlað er að maðurinn hafi ekið á allt að 163 km/klst. á bifreið sem var ekki í ökuhæfu ástandi. Þá hafði maðurinn ítrekað komist í kast við lögin vegna fíkniefnaaksturs. Maðurinn var ákærður fyrir manndráp af gáleysi og akstur undir áhrifum fíkniefna.

Með þessari tillögu ítrekar rannsóknarnefndin tillögu í öryggisátt sem nefndin gerði í skýrslu um banaslys sem varð á Hrútafjarðarhálsi í mars 2012. Tillögunni hefur ekki verið fylgt.

Í skýrslunni kemur einnig fram að af átján banaslysum árið 2016 hafi mátt rekja fimm til fíkniefna- og/eða ölvunaraksturs. **– jóe**



**Maðurinn ók á ofsafengnum hraða á óökuhæfu faratæki.** MYND/RNSA

## 74 milljörðum hærri framlög

**VIÐSKIPTI** Áætlað er að verðmæti stöðugleikaeigna ríkisins í árslok verði um fimmtungi meira en áætlað var í ársbyrjun 2016. Verðmætaaukning ríkissjóðs vegna þessa er tæplega 74 milljarðar króna.



Með setningu laga árið 2015 var heimilað að slitabú fallinna fjármálafyrirtækja gætu greitt stöðugleikaframlag í stað stöðugleikaskatts. Var lagasetningin liður í losun fjármagnshafta. Ætlað virði þeirra í janúar 2016 var rúmir 384 milljarðar.

Andvirði stöðugleikaeigna sem búið er að innleysa, og leggja inn á þar til gerðan reikning í Seðlabankanum, nemur 207,5 milljörðum króna. Búist er við því að stöðugleikaframlög á árinu nemi 63 milljörðum króna. **– jóe**

## Fær ekki bætur vegna banaslyss

**DÓMSMÁL** Ekkja manns, sem lést við affermingu lyftara af palli vörubíls 2014, fær ekki bætur úr slysatryggingu ökumanns. Hún fór fram á tæplega níu milljónir í bætur vegna missis framfæranda vegna slyssins.

Engin vitni voru að slysinu heldur fannst maðurinn slasaður við hlið bifreiðarinnar. Hann lést af sárum sínum. Í héraðsdómi var komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri sannað að maðurinn hefði slasast við stjórn bifreiðarinnar og ekki heldur að slysið hafi hlotist af eiginleikum eða búnaði hennar. Slíkt er áskilið til að fá bætur úr slysatryggingunni. Var tryggingafélagið því sýknað.

Hæstiréttur staðfesti dóminn. Konan naut gjafsóknar, 1,2 milljónir, sem greiðist úr ríkissjóði. **– jóe**

# Vissi af kynferðisbrotadómi ökukennarans eftir allt saman

**Formaður Ökukennarafélags Íslands viðurkennir að þekkja vel til mannsins sem vinnur sem ökukennari og er dæmdur barnaníðingur, þrátt fyrir að hafa haldið öðru fram í blaðinu í gær. Tvær konur lýsa óviðeigandi ummælum í ökutímum hjá umræddum kennara, sem situr einn í bíl með ungmennum starfs síns vegna.**

**SAMFÉLAG** Björgvin Þór Guðnason, formaður Ökukennarafélags Íslands, þekkir vel til mannsins sem vinnur sem ökukennari og er dæmdur barnaníðingur. Einnig hafði hann vitneskju um dómana sem hann hafði hlotið.

Í Fréttablaðinu í gær var sagt frá því að dæmdur barnaníðingur starfaði sem ökukennari og sýslumaður í umdæmi hans hefði gefið út leyfi án þess að skoða dóma mannsins. Maðurinn var kærður og dæmdur fyrir kynferðisbrot gegn stjúpdætrum sínum sem stóðu yfir í langan tíma. Voru brot hans talin stórfelld og alvarlegs eðlis. Brotin áttu sér stað frá síðari hluta ársins 1982 allt fram í ársbyrjun 1987.

Í fréttinni sagðist Björgvin koma af fjöllum og ekki vita til þess að starfandi ökukennari hér á landi hefði verið dæmdur fyrir kynferðislega misnotkun á börnum. Það er hins vegar ekki rétt. Björgvin játar í samtali við blaðamann að hafa vitað af öllu saman og segist raunar þekkja umræddan ökukennara vel.

„Það er alveg rétt að ég þekki manninn ágætlega og af góðu einu. Hann er mikill fagmaður í starfi og ég veit ekki til þess að nokkurn skugga hafi borið á þau störf hans," segir formaðurinn.

Tvær konur sem Fréttablaðið ræddi við í gær segja aðra sögu og segja frá orðavali sem ekki hafi verið við hæfi. Á hann að hafa sagt við aðra konuna, sem þá var barn að aldri, að hann fengi vatn í munninn í hvert skipti sem hann sæi hana.



**Björgvin Þór Guðnason játar að hafa vitað af fortíð ökukennarans, en neitaði fyrir það í gær í viðtali.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

„Ástæða þess að ég kveikti ekki á þessu var að ég var með hugann við hvort eitthvert atvik hefði átt sér stað í bíl með ökukennara og kannaðist ekki við neitt slíkt athæfi. Þess vegna svaraði ég á þessa leið," útskýrir Björgvin.

Formaðurinn sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að það væri mikilvægt fyrir ökukennarafélagið að „allt væri á hreinu". Í ljósi stöðunnar hefði hann rætt við stjórn félagsins og Samgöngustofu með það að markmiði að fara yfir hlutina.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra gefur út leyfi fyrir ökukennara í umdæminu. Við skoðun embættisins var ekkert í gögnunum sem benti til þess að hann ætti ekki rétt á að vera ökukennari.

Björgvin segir mikilvægt að einstaklingar fái annað tækifæri. „Það eru mörg ár síðan þessi dómur féll og maðurinn hefur ekki gerst brotlegur síðan," segir hann.

**sveinn@frettabladid.is**





SÉRTILBOÐ Á FIAT FIORINO

Flutningsrými 2.5m$^3$
Burðargeta 556kg
Verð með aukahlutum
2.525.000 kr. m/vsk.

**Tilboðsverð með aukahlutum**
**1.699.000 kr án vsk.**
**2.106.760 m/vsk.**

**STAÐALBÚNAÐUR:** 1,4L 78 hö. bensín, loftkæling, Bluetooth, snertiskjár, aðgerðarstýri, spólvörn, hliðarhurð báðum megin, tvískipt afturhurð með 180° opnun o.fl.

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Fiat - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.fiatprofessional.is
www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16



NISSAN
Innovation that excites
NISSAN INTELLIGENT MOBILITY
EINN VINSÆLASTI SPORTJEPPI LANDSINS
TATTOO -STUDIO-
QASHQAI
FÁÐU MEIRA MEÐ NÝJUM NISSAN QASHQAI
▪ Nýtt útlit
▪ Ný tækni
▪ Ný innrétting
Nú er Nissan Qashqai, einn vinsælasti sportjeppi landsins til margra ára, kominn í nýrri og breyttri útgáfu. Nýtt útlit, ný innrétting og nýjar skemmtilegar tæknilausnir sem auka ánægju og akstursöryggi.
Verið velkomin í reynsluakstur á nýjum og tæknilegum Qashqai.
VERÐ FRÁ:
3.550.000 KR.
Verð á mánuði: 39.679 Kr.*
*Miðað við reiknivél lykill.is á Lykilláni til 84 mánaða og 30% innborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar 9,33%
*Miðað við uppgefnar
um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri. Athugið að búnaður bíls á mynd er frábrugðinn auglýstu verði.
ENNEMM / SÍA / NM86605
GE bílar Reykjanesbæ www.gebilar.is 420 0400
Bílasalan Bílás Akranesi www.bilas.is 431 2622
Bílasala Akureyrar Akureyri www.bilak.is 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands Egilsstöðum www.bva.is 470 5070
IB ehf. Selfossi www.ib.is 480 8080
BL söluumboð Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516
BL ehf Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík 525 8000 / www.bl.is
B|L

# Þjóðverjar efast um ágæti nýrrar ríkisstjórnar í landinu

**ÞÝSKALAND** Allnokkrir þýskir fjölmiðlar eru ekki bjartsýnir á að áframhaldandi ríkisstjórnarsamstarf Kristilegra demókrata (CDU/CSU) og Jafnaðarmannaflokksins (SPD) lifi út kjörtímabilið. Tilkynnt var um að samkomulag hefði náðst á miðvikudag eftir langvarandi stjórnarkreppu í landinu. Enn eiga flokksmenn þó eftir að greiða atkvæði um samstarfið og því er ekkert í höfn þótt líklegt teljist að samstarf flokkanna í ríkisstjórn verði samþykkt.

Kurt Kister, ritstjóri dagblaðsins Süddeutsche Zeitung, sagði í leiðara sínum í gær að ríkisstjórnin ætti ekki eftir að endast lengi. Þýska blaðið Bild lýsti einnig áhyggjum sínum og á forsíðunni stóð „Kanslari sama hvað“. Vildi miðillinn meina að Merkel hefði selt sig Jafnaðarmannaflokknum og lagt stefnumál sín til hliðar til að ná að mynda stjórn. „Merkel gefur SPD stjórntaumana,“ sagði enn fremur í Bild.

Reuters greinir frá því að Merkel þurfi nú að verja samkomulag sem sé flokki hennar óhagstætt. Flokkurinn missi meðal annars hið mikilvæga fjármála- og efnahagsráðuneyti í skiptum fyrir áframhaldandi veru Merkel í kanslarastólnum. Þá segi andstæðingar samkomulagsins að þrátt fyrir það hafi jafnaðarmönnum mistekist að draga CDU til vinstri. Áfram stefni í aðhald í ríkisrekstri.



**Á myndinni eru Horst Seehofer, CSU, Angela Merkel, CDU, og Martin Schulz, SPD.** NORDICPHOTOS/AFP

Jafnaðarmannaflokkurinn er í mikilli lægð og sagði Martin Schulz, leiðtogi flokksins, á kosninganótt að flokkurinn yrði í stjórnarandstöðu á kjörtímabilinu vegna lélegs gengis í kosningunum. Fékk flokkurinn rétt rúm 20 prósent atkvæða og hafði ekki fengið minna frá því fyrir seinna stríð. Nú mælist flokkurinn hins vegar með enn minna fylgi, 18 prósent. – **þea**



**Norðurkóreskar klappstýrur í Pyeongchang.** NORDICPHOTOS/AFP

## Engar viðræður í Pyeongchang

**SUÐUR-KÓREA** Yfirvöld í Norður-Kóreu hafa engin áform um að ræða við fulltrúa Bandaríkjanna á meðan Vetrarólympíuleikarnir í Pyeongchang, Suður-Kóreu, standa yfir. Frá þessu greindu þarlendir ríkismiðlar í gær. Vonast hafði verið til þess að slíkar viðræður færu fram til að reyna að leysa úr togstreitunni á Kóreuskaga.

Hins vegar mun sendinefnd einræðisríkisins, sem meðal annars telur Kim Yo Jong, systur Kim Jong-un einræðisherra, hitta Moon Jae-in, forseta Suður-Kóreu, í hádegismat á laugardaginn. Verður það fyrsti fundur suðurkóresks þjóðhöfðingja með einhverjum úr Kim-fjölskyldunni frá því Kim Jong-il og Roh Moo-hyun, þáverandi leiðtogar ríkjanna, hittust árið 2007.

„Við höfum aldrei beðið Bandaríkin um viðræður og munum ekki gera það. Við ætlum okkur ekki að hitta Bandaríkjamenn í Suður-Kóreu. Heimsókn okkar er einungis til þess að taka þátt í Ólympíuleikunum,“ sagði Jo Yong Sam, starfsmaður utanríkisráðuneytis einræðisríkisins, við ríkismiðilinn KCNA. – **þea**

# Skýrsla Hannesar tefst til vors

**Skýrsla Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar um erlenda áhrifaþætti bankahrunsins kemur í fyrsta lagi út í vor. Nokkur kurr er um efni hennar í fræðasamfélaginu. Skýrslan er í yfirlestri hjá Félagsvísindastofnun HÍ.**

**SAMFÉLAG** Útgáfu skýrslu Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar, prófessors í stjórnmálafræði, um erlenda áhrifaþætti bankahrunsins, er ekki að vænta fyrr en í fyrsta lagi með vorinu en hún er komin til Félagsvísindastofnunar og er þar í yfirlestri.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er töluverður kurr í fræðasamfélaginu um efni og innihald skýrslunnar en Hannes hefur sent þeim, sem um er fjallað í skýrslunni, afmarkaða kafla hennar til aflestrar til að gefa þeim kost á andsvörum og athugasemdum. Allmargir munu hafa fengið kafla senda og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins sýnist sitt hverjum um efni hennar. Hannes er sagður mjög gagnrýninn á niðurstöður rannsóknarnefndar Alþingis í skýrslunni og heimildarmenn blaðsins í fræðasamfélaginu segja ljóst að stofnunin muni þurfa að vanda yfirlesturinn til að forða henni og Háskólanum frá mögulegum málsóknum verði skýrslan gefin út í nafni stofnunarinnar.

Skýrsluna vann Hannes á grundvelli samnings milli stofnunarinnar og fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Samkvæmt samningnum átti að skila skýrslunni sumarið 2015. „Ég er að lesa skýrsluna yfir með tilliti til verksamnings okkar við ráðuneytið og auðvitað okkar reglna um verk sem eru gefin út hjá okkur,“ segir Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar.

Aðspurð um hvenær verkinu verði lokið segir Guðbjörg yfirlesturinn töluvert verk og allavega verði ekki hægt að búast við skýrslunni á næstu vikum. „Svo er Hannes í burtu fram í apríl þannig að það yrði í fyrsta lagi þá sem hún yrði gefin út, en eins og ég segi þá bara veit ég ekki nákvæmlega hvernig þetta verður,“ segir hún.

Aðspurð um útgáfu skýrslunnar segir Guðbjörg ekki hægt að svara neinu um útgáfu hennar að svo stöddu en yfirlesturinn lúti að því hvort skýrslan sé í samræmi við annars vegar verklagsreglur og siðareglur stofnunarinnar og hins vegar verksamninginn við ráðuneytið.

„Við erum með þennan samning við ráðuneytið um skýrsluna og nú er bara verið að fara yfir hvort skýrslan sé í samræmi við hann. Það er ekki hægt að svara neinu á þessu stigi um það í rauninni,“ segir Guðbjörg. Hún segir vinnuna unna í góðu samráði við Hannes sjálfan. Ekki náðist í Hannes við vinnslu fréttarinnar. **adalheidur@frettabladid.is**



**Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Það yrði í fyrsta lagi í apríl sem skýrslan yrði gefin út**

Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar HÍ








Fjarskiptastaðir sem
Neyðarlínan hefur byggt
upp og rekur í samvinnu
við fjarskiptafélögin og fleiri.

# 112 - í sambandi við öryggi

Neyðarlínan hefur á undanförnum árum lagt kapp á að byggja upp fjarskiptainnviði utan alfaraleiða til að auka öryggi almennings og auðvelda leit og björgun. Við þökkum fjarskiptafélögunum fyrir frábært samstarf við þetta viðamikla og krefjandi verkefni. Það samstarf hefur stóraukið aðgang fólks að samræmda neyðarnúmerinu, 112.

Stóraukið farsímasamband á fáförnum leiðum eykur möguleika fólks til þess að komast í samband við Neyðarlínuna, 112, þegar á reynir. Útbreiðsla farsíma- og Tetra-sambands auðveldar jafnframt leit og björgun.

Við hvetjum fólk til að gæta ávallt fyllstu varúðar á ferð um landið. Um leið minnum við á að til þess að komast í samband við Neyðarlínuna þegar á reynir þarf að hafa farsíma sem virkar.

**Ekki klikka á því!**



112

EINN EINN TVEIR

*í sambandi við öryggi*

Athugið! 112 er neyðarnúmer allra Evrópulanda

## Nóg komið



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Áralöngum átökum stjórnvalda við kröfuhafa gömlu bankanna, erlenda vogunarsjóði, lauk sumarið 2015. Óhætt er að segja að þar hafi stjórnvöld haft fullnaðarsigur sem gerði þeim kleift að rjúfa einangrun Íslands við erlenda markaði. Kröfuhafar féllust á að gefa eftir eignir upp á um 500 milljarða auk annarra ráðstafana í því skyni að hægt væri að losa um höftin. Ávinningur Íslands fólst ekki aðeins í beinum stöðugleikaframlögum heldur ekki síður í þeirri staðreynd að haftaáætlunin þótti trúverðug og engin lagaleg eftirmál urðu af aðgerðum stjórnvalda. Það hefur meðal annars skilað sér í því að lánshæfiseinkunn Íslands hefur hækkað hraðar en dæmi eru um í sögunni, vextir hafa lækkað, fjárfesting erlendra aðila stóraukist og erlend staða þjóðarbúsins aldrei verið betri.

Nú bregður svo við að þáverandi forsætisráðherra, sem átti ótvírætt einna mestan þátt í því að tryggja þessa niðurstöðu, hefur látið að því liggja að svo sé að hverfa frá þeirri stefnu sem þá var mörkuð í tengslum við yfirstandandi söluferli Kaupþings á hlut sínum í Arion banka. Þar hefur margt verið sagt sem ekki stenst skoðun. Í stað þess að bankinn yrði afhentur ríkinu, sem stóð til boða, var réttilega ákveðið að skynsamlegra væri að fela kröfuhöfum það verkefni – og milljarða króna kostnaðinn sem því fylgir – að koma honum í verð innan ákveðins tíma, með alþjóðlegu útboði og skráningu, en um leið að söluandvirðið færi að mestu til ríkissjóðs. Þetta var snjöll lausn sem er nú að raungerast. Ekkert slíkt væri í burðarliðnum ef bankinn hefði endað í fangi ríkisins.

Til að tryggja hagsmuni ríkisins var sett inn ákvæði um forkaupsrétt. Þetta var meðal annars gert til að girða fyrir þann möguleika að kröfuhafar myndu selja bankann á hrakvirði til erlendra sjóða þar sem þeir sjálfir væru hinir endanlegu eigendur. Með öðrum orðum að þeir tækju snúning á ríkið. Hvaða skoðun sem menn kunna að hafa á kaupum vogunarsjóða á 30 prósenta hlut í Arion þá liggur það einfaldlega fyrir, samkvæmt þeim stöðugleikasamningum sem um var samið, að ríkið hafði ekki forkaupsrétt að þeim bréfum. Um þetta er óþarfi að deila – og því síður að gera tortryggilegt. Strangt til tekið fóru þau viðskipti fram á gengi sem var um tíu prósentum hærra en hefði þurft til að virkja forkaupsréttinn. Þá er einnig gert ráð fyrir því að hann sé endurskoðaður við opið útboð enda myndi forkaupsrétturinn að öðrum kosti útiloka í reynd skráningu á bankanum og þar með sölu til almennings.

Engin ástæða er til að draga upp þá mynd að Ísland eigi enn í útistöðum við vogunarsjóði gömlu bankanna. Svo er ekki. Staðreyndin er sú að þeim eru settar þröngar skorður, byggt á þeim leikreglum sem stjórnvöld settu með stöðugleikaskilyrðunum, við sölu á Arion banka. Hagsmunir Íslands, beinir og óbeinir, af því að vel takist til við útboð bankans eru ekki síðri en kröfuhafa, sem fá aðeins lítinn hluta söluandvirðisins til sín. Því verður vart trúað að einhver vilji að stjórnvöld leysi til sín þriðja bankann, eitthvað sem þau hafa ekki sjálfdæmi um, og auka enn þá áhættu sem fylgir því að vera með fjármuni sem myndu nema um 30 prósentum af landsframleiðslu bundna í áhættusömum bankarekstri. Ekki er hægt að bjóða upp á þetta rugl mikið lengur. Það er nóg komið.

> Engin ástæða er til að draga upp þá mynd að Ísland eigi enn í einhverjum útistöðum við vogunarsjóði gömlu bankanna.

Apótek Garðabæjar
Gríptu lyfin á leiðinni heim
Apótek Garðabæjar í alfaraleið





Litlatún 3, Garðabæ | Sími 577 5010

### Halldór





## Frá degi til dags

**Andkapítalistarnir og bankinn**
**Fjölmiðlar fengu senda tilkynningu í gær um að Landsbankinn og hljómsveitin Hatari hefðu gert með sér samning. Átti samningurinn að kveða á um að bankinn fjármagnaði tónleikahald sveitarinnar í Stúdentakjallaranum. Það kemur mönnum spánskt fyrir sjónir enda hafa hljómsveitarmeðlimir skilgreint sig sem andkapítalista. Landsbankamönnum var ekki skemmt og upplýsingafulltrúi bankans hringdi í fjölmiðla og bað þá að dreifa ekki falskri frétt. Til að gera langa sögu stutta hafnar Landsbankinn sumsé öllum tengslum við andkapítalista.**

**Tækifæri áhangendanna**
**Snjókoman á höfuðborgarsvæðinu undanfarið hefur ekki farið fram hjá neinum sem staddur er á suðvesturhorni landsins. Flest börn fagna því að geta leikið sér í snjó á meðan fjármálastjórar sveitarfélaganna súpa hveljur yfir kostnaði sem fylgir því að moka, salta og sanda. Í gær brá framkvæmdastjóri Knattspyrnufélagsins Vals svo á það ráð að auglýsa eftir vinnufúsum höndum til þess að moka aðalvöllinn enda æfingar og leikir fram undan. Sennilega er einstakt fyrir áhangendur liðsins að fá ekki bara tækifæri til þess að horfa á sína menn spila heldur fá útrás í líkamsrækt við að undirbúa leikina, í stað þess að sitja á rassinum. jonhakon@frettabladid.is**

## Græn Borgarlína



Skúli Helgason
borgarfulltrúi og frambjóðandi í 3. sæti í flokksvali Samfylkingarinnar

Umhverfisvernd er ekki lengur bara spurning um pólitíska forgangsröðun heldur beinlínis lykill að framtíð okkar hér á jörðinni. Það er siðferðisleg skylda okkar að bregðast við loftslagsvandanum, og skaðlegum fylgifiskum hans fyrir umhverfi og náttúru. Á sama tíma geta kjarkmiklar aðgerðir á sviði umhverfismála stóraukið lífsgæði borgarbúa.

Eitt albesta dæmið um slíka aðgerð er hröð og markviss uppbygging Borgarlínu á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt mannfjöldaspám má gera ráð fyrir að íbúum höfuðborgarsvæðisins muni fjölga um 70 þúsund manns fram til 2040 eða um nærri 40%. Ef 75% ferða verða áfram farin í einkabílum mun ferðatími lengjast um meira en helming og umferðatafir um 80%.

Uppbygging umferðarmannvirkja sem gætu tekið við slíkum fjölda er óhugsandi vegna himinhrópandi kostnaðar, ósjálfbærrar landnotkunar og neikvæðra umhverfisáhrifa. Reynslan erlendis kennir okkur að breikkun helstu stofnbrauta og mislæg gatnamót eru skammgóður vermir. Akreinarnar fyllast jafnharðan og vegfarendur verða jafn illa, eða verr, settir og áður.

Skynsamlegasta leiðin til að takast á við þetta verkefni er kraftmikil uppbygging almenningssamgangna. Þar er Borgarlína langáhrifaríkasta aðgerðin en hún felur í sér að komið verði upp hraðvagnakerfi á höfuðborgarsvæðinu þar sem biðtími styttist til muna niður í 5-7 mínútur á álagstímum og jafnvel allt niður í 2 mínútur ef þörf er á meiri afkastagetu. Borgarlínan verður með forgang á umferðarljósum sem mun auðvelda farþegum að komast hratt og örugglega á milli staða. Lögð verður áhersla á vandaðar yfirbyggðar biðstöðvar, með farmiðasjálfsölum og upplýsingaskiltum sem sýna í rauntíma hvenær næsti vagn kemur.

Með uppbyggingu Borgarlínu vinnst afar margt. Slíkt almenningssamgöngukerfi er hagkvæm og vistvæn leið til að auka flutningsgetu milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu en einnig innan þeirra. Uppbygging hennar mun gegna lykilhlutverki í uppbyggingu og þróun byggðar á höfuðborgarsvæðinu öllu. Með Borgarlínu drögum við úr mengun, styttum ferðatíma, aukum lífsgæði og byggjum upp græna borg.

> Með Borgarlínu minnkum við mengun, styttum ferðatíma og aukum lífsgæði.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Neytendur eða viðskiptavinir

**Í DAG**

Þórlindur Kjartansson



Margt breyttist á Bláa hnettinum þegar hinn ofur-hressi stuðbolti Gleði-Glaumur klöngraðist út úr geimskipinu sínu. Börnin á hnettinum kynntust fyrir hans tilstilli í fyrsta skiptið hvernig það væri að hafa almennilegt stuð í kringum sig. Það eina sem þau þurftu að láta af hendi til að byrja með voru sárafáir dropar úr æskubrunni sínum.

**Neyslugleði**

Á Íslandi breyttist líka ýmislegt síðastliðið vor þegar amerískur verslunarrisi opnaði risaverslun stútfulla af áður ófáanlegu góðgæti í iðnaðarpakkningum og ýmiss konar munaðarvöru á hlægilegu verði. Viðbrögðin voru víðast hvar á eina leið—loksins var komin til landsins útlensk verslun sem ekki okraði grimmilega á langþjáðu íslensku launafólki heldur bauð þeim, af hjartahreinni góðmennsku, að njóta á sanngjörnu verði allra þeirra kræsinga sem hagfræðileg stærðarhagkvæmni hefur fram að færa neytendum til hagsbóta. Og því verður ekki á móti mælt að margt í versluninni er fáanlegt á stórgóðu verði, og þar fást ýmsar gæðavörur sem eru sannarlega góð viðbót við það vöruúrval sem íslenskum neytendum hafði staðið til boða fram að því.

Yfir hverju ætti þá að vera hægt að kvarta? „Sjáið þið ekki veisluna?“ var viðkvæðið þar sem fólk hljóp á milli rekka og stútfyllti tröllvaxnar innkaupakerrurnar af alls konar varningi sem engan hafði áður grunað að hann sárvantaði. Og út af þéttpökkuðu bílastæðinu sliguðust fólksbílar, jepplingar og forstjórajeppar eins og drekkhlaðnir loðnubátar á heimstíminu, út á bensínstöð til þess að flytja varninginn heim, knúnir af ódýrasta og besta bensíni sem íslenskur almenningur hafði nokkru sinni kynnst.

**Má ég sjá í pokann?**

Upplifunin af því að versla í þessari nýju neysluparadís var ólík því sem fólk hafði áður kynnst hér á landi. Ein nýjungin fólst í því að einungis innmúruðum félagsmönnum er heimilt að versla í nýju búðinni og enginn fær afgreiðslu nema gegn framvísun gilds meðlimaskírteinis.

Önnur nýjung fólst í óvenjulegri umhyggjusemi sem verslunarrisinn sýnir meðlimum sínum þegar þeir yfirgefa klúbbinn með varninginn sinn. Fólki er ekki hleypt út fyrr en ágætt og vingjarnlegt fólk—sem hefur líklega verið ráðið í starfið einmitt vegna þess að það er ágætt og vingjarnlegt—gengur upp að klúbbfélaganum og fer yfir það hvort allt það sama sé í pokanum eins og fram kemur á kassastrimlinum.

Þetta er örugglega nýlunda hér á landi því flestum hefur hingað til þótt það vera stækasta ókurteisi að þjófkenna fólk án minnstu mögulegu vísbendingar um þjófnað. En þetta kostar aðgöngumiðinn í neysluútópíuna—að þurfa að sæta sömu meðferð og smábarn sem er grunað um að hafa stolið smáköku úr krukku. „Sýndu mér hendurnar.“ Báðar í einu. Opnaðu munninn.“

Líklega hefur þessi nýstárlegi samskiptamáti í íslenskri verslun vakið reiði nægilegra margra til þess að verslunarrisinn teldi þörf á því að gefa nánari skýringu á athæfi sínu. Rétt þar sem komið er að útganginum var nefnilega hengdur upp lítill miði. Þar stóð:

„Spurning: Af hverju er farið yfir strimilinn þegar ég yfirgef vöruhúsið?

Svar: Til að ganga úr skugga um að þú hafir fengið allar vörur sem þú greiddir fyrir og að rétt verð hafi verið greitt.“

Einmitt.

> **Þetta er örugglega nýlunda hér á landi því flestum hefur hingað til þótt það vera stækasta ókurteisi að þjófkenna fólk án minnstu mögulegu vísbendingar um þjófnað.**

**Viðskiptavinátta**

Þessi afstaða til kúnnans er mjög ólík því sem kalla mætti gagnkvæma virðingu. Það er hins vegar þannig samband sem við er átt þegar verslun lítur á einstaklinga sem viðskiptavini—en ekki bara neytendur. Í þannig sambandi fylgir vöruframboðinu gjarnan vönduð ráðgjöf þar sem starfsmenn hafa einlægan áhuga á því að varan sem keypt er sé sú besta fyrir þann tilgang sem viðskiptavinurinn ætlar henni. Næst þegar þið fáið frábæra þjónustu frá vingjarnlegum og áhugasömum starfsmanni í verslun skuluð þið því spá í hvort það eina sem viðskiptavinurinn fær fyrir uppsett verð sé varan sjálf.

Það er nefnilega umhugsunarvert hvort það sé alltaf hagkvæmara að kaupa vörur á lægra verði—eða hvort það sé skynsamlegra að gera innkaupastefnu hagsýna bóndans í Borgarfirði að sinni: „Ef það er ekki til í kaupfélaginu, þá hef ég enga þörf fyrir það.“

**Nokkra dropa**

Líklega hefur það verið margreynt og útreiknað í höfuðstöðvum verslanakeðjunnar að það borgi sig frekar að móðga nokkra þverhausa heldur en að taka ögn meiri áhættu á því að einhver steli úr búðinni. Þannig virka stórfyrirtæki. Þar eru ákvarðanir teknar að vel tölfræðilega ígrunduðu máli.

En við þetta tapast þó ýmislegt sem sumum gæti þótt verðmætara heldur en fimm lítra pakkning af flösusjampói.

Neytandi sem undirgengst skilmála verslunarinnar fær þörfum sínum sannarlega uppfyllt á vélrænan og ópersónulegan hátt, þar sem engin óþörf mannleg samskipti, tillitssemi og mannvirðing, þvælast fyrir því háleita markmiði að tryggja fólki aðgang að sem mestu magni af neysluvörum á sem lægstu verði. Það eina sem hann þarf að láta í staðinn eru nokkrir dropar af sjálfsvirðingu.

# Ekkert er nýtt undir sólinni



Auður Guðjónsdóttir
stjórnarformaður Mænuskaðastofnunar Íslands

> **Hin mikla þekking sem til staðar er á taugavísindasviði er ekki skoðuð í stóra samhenginu.**

Á dögunum greindi Hákon Hákonarson læknir frá því í Kastljósi að hann hefði fundið stökkbreytt gen í miðtaugakerfi barna sem haldin eru athyglisbresti og ofvirkni. Það leiddi til leitar hans að því hvort þróað hefði verið lyf sem gæti slegið á einkenni röskunarinnar. Hann komst að því að það hefðu Japanir gert tuttugu árum fyrr í von um að geta notað það við minnisglöpum sem ekki gekk. Tilraunameðferðir á börnunum lofa góðu. Sá sem leitar hann finnur.

Eins og fólk veit gengur erfiðlega að finna lækningu á meinum í miðtaugakerfinu þrátt fyrir að mikið sé rannsakað. Dóttir mín lamaðist fyrir 28 árum og þá var sagt að svo mikið væri að gerast í rannsóknum á taugakerfinu að lækning við mænuskaða hlyti að vera handan við hornið. Satt að segja er meðferð við mænuskaða sú sama í dag og þá. Lamað fólk er þjálfað til sjálfsbjargar í hjólastól og ekkert bólar á lækningu. Ástæðan er framtaksleysi. Hin mikla þekking sem til staðar er á taugavísindasviði er ekki skoðuð í stóra samhenginu og ekki nýtt almennt til að finna þræði sem samræmast eins og Hákon gerði með stórkostlegum árangri.

Árið 2015 kom Ísland inn í stefnuyfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna tilvísun um að stefnt skuli að því að þjóðir heims bæti meðferðir í taugakerfinu. Í framhaldinu leitaði Lilja Alfreðsdóttir, þáverandi utanríkisráðherra, eftir því við Norrænu ráðherranefndina að hún tæki tilvísunina upp og samþykkti að láta greina og samkeyra norræna gagnabanka á taugavísindasviði og leita að sameiginlegu mynstri í innihaldi þeirra. Markmiðið væri að auka skilning læknavísindanna á hvernig taugakerfið starfar og færa heiminn nær lækningu. Enn sem komið er hefur tillaga Lilju fengið jákvæða umfjöllun og verður vonandi samþykkt og komið í framkvæmd á þessu ári. Ég bið samstarfsráðherra, heilbrigðisráðherra og þingmenn Íslandsdeildar Norðurlandaráðs að beita sér kröftuglega málinu til framdráttar á vettvangi Norðurlandaráðs.

ICELAND SIF

# Ábyrgar fjárfestingar til farsællar framtíðar

Fimmtudaginn 15. febrúar kl. 8:30 – 10:30

IcelandSIF sem eru nýstofnuð samtök fjárfesta um ábyrgar fjárfestingar efnir til morgunfundar 15. febrúar nk. Fundurinn fer fram á Hilton Reykjavík Nordica kl. 08:30 – 10:30. Skráning á fundinn er á www.icelandsif.is

IcelandSIF er íslenskur umræðuvettvangur fyrir ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Tilgangur fundarins er að kynna starfsemi samtakanna og fá innsýn í starfsemi erlendra samtaka auk þess sem við fáum reynslusögu frá leiðandi aðila á sviði ábyrgra fjárfestinga.

**Opnunarávarp** – Hrefna Sigfinnsdóttir, stjórnarformaður IcelandSIF

**Kynning á NorSIF systursamtökum IcelandSIF** – Pia Rudolfsson Goyer, stjórnarmaður hjá NorSIF

**Kynning á PRI** – Yulia Sofronova, yfirmaður norðurlanda hjá samtökunum PRI, Principles for Responsible Investments

**Innleiðing Deutsche Bank á viðmiðum um ábyrgar fjárfestingar** – Roelfien Kuijpers, Yfirmaður ábyrgra fjárfestinga hjá Deutsche Asset Management

**Pallborð** – Frummælendur auk Kjartans Smára Höskuldssonar, framkvæmdastjóra Íslandssjóða og Óla Kristjánssonar, sérfræðings í eignastýringu Arion Banka

Sveinn Þórarinsson, hlutabréfagreinandi hjá Landsbankanum stýrir fundinum.



**Pia Rudolfsson Goyer** starfar sem ráðgjafi á skrifstofu siðferðismála fyrir norska olíusjóðinn. Skrifstofan sinnir ráðgjafarhlutverki og fylgist með því að fjárfestingar olíusjóðsins séu í samræmi við siðareglur sjóðsins. Pia er stjórnarmaður í NorSIF.



**Yulia Sofronova** starfar hjá PRI og ber þar ábyrgð á tengslaneti PRI á norðurlöndum, mið- og austur-Evrópu. Yulia hefur starfað við greiningar á stjórnarháttum félaga og hvernig félög á norðurlöndum, Bandaríkjum og Rússlandi innleiða samfélagsmál og umhverfismál í stefnur sínar.



**Roelfien Kuijpers** starfar hjá Deutsche Bank sem yfirmaður ábyrgra fjárfestinga fyrir eignastýringu bankans, hún tilheyrir einnig framkvæmdastjórnunarteymi eignastýringarhluta bankans og hefur borið ábyrgð á innleiðingu bankans á stefnu um ábyrgar fjárfestingar.

## Þrjú komin í undanúrslit



Haukamaðurinn Hákon Daði Styrmisson er hér sloppinn í gegn í leik gegn Val í gær í 8-liða úrslitum Coca Cola bikars karla. Haukar unnu 28-21 en Hákon lék aðeins rúmlega hálfan leikinn eftir að hafa fengið rautt spjald snemma í síðari hálfleik. Í öðrum leikjum vann Selfoss Þrótt í háspennuleik, 27-26, og Fram lagði FH óvænt á útivelli, 28-35. Grótta og ÍBV keppast um síðasta sætið í undanúrslitum næsta þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Skemmtilegir og furðulegir fyrstu mánuðir hjá Marseille

**Það hefur gengið á ýmsu á fyrstu mánuðum Fanndísar Friðriksdóttur hjá franska úrvalsdeildarliðinu Marseille. Liðið er í harðri fallbaráttu. Fanndís segir fótboltann í Frakklandi allt öðruvísi en þar sem hún spilaði áður og það tók hana tíma að venjast aðstæðum. Tungumálaörðugleikar hafa einnig haft sitt að segja.**

**FÓTBOLTI** „Fyrstu mánuðirnir hafa verið mjög skemmtilegir og mjög furðulegir. Það hefur mikið gengið á hjá liðinu. Okkur hefur gengið illa, sérstaklega fyrir áramót. Þetta er öðruvísi,“ segir Fanndís Friðriksdóttir þegar Fréttablaðið slær á þráðinn til hennar. Hún gat ekki tekið þátt í æfingu Marseille-liðsins í gær og óvíst er með þátttöku hennar í leiknum gegn Montpellier í frönsku úrvalsdeildinni á sunnudaginn vegna meiðsla í nára.

Þegar tímabilið er rúmlega hálfnað vermir Marseille botnsæti frönsku deildarinnar. Það hefur þó rofað til að undanförnu. Eftir að hafa tapað átta af fyrstu 11 leikjum sínum og gert þrjú jafntefli hefur Marseille unnið tvo af síðustu þremur leikjum sínum. Liðið er nú þremur stigum frá öruggu sæti.

### Þær eru miklu betri í fótbolta

Marseille er ekki fyrsta erlenda liðið sem Fanndís spilar með en hún lék um tíma með Kolbotn og Arna-Bjørnar í Noregi. Hún segir að fótboltinn í Frakklandi sé allt öðruvísi en í Noregi og á Íslandi.

„Þær eru miklu betri í fótbolta hérna og líkamlegt ásigkomulag er betra. Það er spilaður öðruvísi fótbolti hérna,“ segir Fanndís. Að hennar sögn er aðstaðan hjá Marseille ágæt.

„Eins og ég hef sagt 100 sinnum áður kem ég úr Breiðabliki þar sem aðstaðan er upp á 10,5. Hérna æfum við og spilum á gervigrasi. Við erum með okkar völl. Aðstaðan er eins venjuleg og hún gerist; ekkert meiri háttar en ekkert hræðileg.“

### Tungumálaþröskuldur

Fanndís viðurkennir að það hafi tekið hana tíma að venjast lífinu á nýjum stað. Þá sé tungumálið þröskuldur sem þarf að yfirstíga.

„Þetta er allt öðruvísi. Þegar maður talar ekki tungumálið er erfitt að reyna að tengjast leikmönnum og öðrum,“ segir Fanndís. Hún segir frönskukunnáttu sína takmarkaða.

„Ég kann að telja upp á 10 og segja góðan daginn. Ég er í frönskuskóla einu sinni í viku. Þetta mjakast áfram en ég held að ég sé aldrei að fara að tala frönsku nema ég verði hérna lengi,“ segir Fanndís en enskukunnátta samherja hennar er misjöfn og því þarf oft að grípa til einhvers konar táknmáls.



Landsliðskonan Fanndís Friðriksdóttir gekk í raðir Marseille síðasta haust. NORDICPHOTOS/GETTY

### Framtíðin óráðin

Samningur Fanndísar við Marseille rennur út eftir tímabilið. Hún segir óvíst hvað tekur við hjá henni eftir það.

„Ég hef ekki tekið neina ákvörðun. Við erum í bullandi fallbaráttu en það er stutt upp í öruggu sætin. Það fer allt eftir því hvernig gengur,“ segir Fanndís. En langar hana að vera áfram úti í atvinnumennsku?

„Ég hef ekki einu sinni hugsað um það. Ég reyni bara að standa mig hérna. Ég gæti komið heim, farið í aðra deild eða verið áfram hérna,“ segir Fanndís sem kveðst mátulega sátt við eigin frammistöðu á tímabilinu.

„Það tók mig mjög langan tíma að komast inn í hlutina hérna. Ég er ánægð að vissu leyti. Ég er búin að tengjast leikmönnunum betur. Það tók lengri tíma en ég hélt, m.a. út af tjáskiptaörðugleikum,“ segir Fanndís sem hefur leikið 12 deildarleiki með Marseille og skorað eitt mark. ingvithor@frettabladid.is

> Ég kann að telja upp á 10 og segja góðan daginn. Ég er í frönskuskóla einu sinni í viku. Þetta mjakast áfram.
>
> Fanndís Friðriksdóttir

> Marseille hefur unnið tvo af síðustu þremur deildarleikjum sínum eftir að hafa ekki unnið í fyrstu 11 umferðunum.



Guðjón Baldvinsson í leik með Stjörnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Skoraði og lagði upp mark fyrir Berbatov

**FÓTBOLTI** Guðjón Baldvinsson lét mikið til sín taka þegar Kerala Blasters gerði 2-2 jafntefli við ATK í indversku ofurdeildinni í gær.

Garðbæingurinn skoraði fyrra mark Kerala Blasters og lagði það seinna upp fyrir Dimitar Berbatov, fyrrverandi leikmann Manchester United, Tottenham og fleiri liða.

Guðjón var í fyrsta skipti í byrjunarliði Kerala Blasters í leiknum í gær. Hann kom inn á sem varamaður í fyrstu tveimur leikjum sínum með Kerala Blasters sem báðir unnust.

Guðjón og félagar hans sitja í 5. sæti indversku deildarinnar með 21 stig, einu stigi frá sæti í úrslitakeppni um indverska meistaratitilinn. Guðjón var lánaður til Kerala Blasters og gildir samningur hans til loka mars. – iþs



Bandabi er lukkudýr Vetrarólympíuleikanna 2018 í PyeongChang. NORDICPHOTOS/GETTY

## Setningarhátíð í PyeongChang

**VETRARÓLYMPÍULEIKAR** Vetrarólympíuleikarnir, þeir 23. í röðinni, verða settir í PyeongChang í Suður-Kóreu í dag. Setningarhátíðin hefst klukkan 11.00 að íslenskum tíma.

Alls 2.952 frá 92 íþróttasamböndum víðs vegar um heiminn keppa á Vetrarólympíuleikunum í PyeongChang. Ekvador, Erítrea, Kósóvó, Malasía, Nígería og Singapúr senda keppendur á Vetrarólympíuleikana í fyrsta sinn. Keppni í nokkrum greinum er hafin, þ.e. undan- eða riðlakeppni, en engir keppendur hafa lokið leik áður en setningarhátíðin fer fram.

Ísland sendir fimm keppendur til leiks: Freydísi Höllu Einarsdóttur, Elsu Guðrúnu Jónsdóttur, Ísak S. Pedersen, Snorra Einarsson og Sturlu Snæ Snorrason. Þau eru öll að keppa á sínum fyrstu Vetrarólympíuleikum.

Snorri ríður á vaðið af íslensku keppendunum en hann keppir í 30 kílómetra skiptigöngu á sunnudaginn. Daginn eftir hefur Freydís Halla keppni.

Leikunum í PyeongChang lýkur þann 25. febrúar næstkomandi. – iþs



Volkswagen á vistvænu tilboði!
Settu þig í samband við íslenska orku á rafbíl frá Volkswagen.
Volkswagen er með breiddina í rafmagns- og tengiltvinnbílum; nettur e-up!, flaggskipið e-Golf, sportlegur Golf GTE og rúmgóður Passat GTE fyrir alla fjölskylduna. Nú bjóðast þeir á vistvænu tilboði. Gríptu tækifærið og skiptu yfir í rafbíl frá Volkswagen sem gengur fyrir íslenskri orku. Við bíðum spennt eftir að sjá þig!
e-up!
Rafmagnsbíll
Sá ódýrasti. Dregur allt að 160 km*
Verðlistaverð
3.350.000 kr.
Vistvænt tilboð
2.890.000 kr.
e-Golf
Rafmagnsbíll
Dregur allt að 300 km*
Verðlistaverð
4.250.000 kr.
Vistvænt tilboð
3.950.000 kr.
Golf GTE
Tengiltvinnbíll
Sportlegur og umhverfisvænn.
Verðlistaverð
4.190.000 kr.
Vistvænt tilboð
3.850.000 kr.
Passat GTE
Tengiltvinnbíll
Frábær fjölskyldubíll.
Verðlistaverð
4.690.000 kr.
Vistvænt tilboð
3.990.000 kr.
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
*Skv. NEDC staðlinum.
Við látum framtíðina rætast.
Volkswagen
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ




Verð gildir til og með **11. febrúar** eða meðan birgðir endast.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**BITAR ÚR FRAMHRYGG**



**998** kr. kg

**SS Lambasaltkjöt**
Blandað



**1.698** kr. kg

**SS Lambasaltkjöt**
Valið



**598** kr. kg

**Búrfells Lambasaltkjöt**
Blandað

# LÁGT VERÐ ALLA DAGA



**45%** minna salt sama bragð

**1.098** kr. kg

**Íslandslamb Saltkjöt**
Saltskert, blandað

Ómissandi í **BAUNASÚPUNA**



**398** kr. 500 g

**Bónus Beikonkurl**
Íslenskt, 500 g



**1kg**

**998** kr. 1 kg

**Jarðarber Askja**
1 kg, Spánn




**398** kr. 1 l

**Katla Baunasúpa**
Tilbúinn grunnur, 1 lítri



**295** kr. kg

**Rófur**

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

# TÍMAMÓT

## Merkisatburðir

**1959** Togarinn Júlí fórst við Nýfundnaland og með honum þrjátíu manna áhöfn.



**1964** Bítlarnir komu í fyrsta skipti fram í The Ed Sullivan Show.

**1975** Sojús 17 sneri aftur til jarðar með tvo geimfara sem sett höfðu met í dvöl í geimnum, 29 daga og 13 tíma.

**1979** Chadli Bendjedid varð forseti í Alsír eftir lát Houari Boumediene árið áður.

**1981** Forsætisráðherra Póllands, Józef Pińkowski, sagði af sér. Herforinginn Wojciech Jaruzelski tók við af honum.

**1982** Japan Airlines-flug 350 hrapaði í Tókýóflóa í aðflugi með þeim afleiðingum að 24 af 174 farþegum létust.

**1984** Bankarán var framið í útibúi Iðnaðarbankans í Breiðholti í Reykjavík. Maður með lambhúshettu rændi rúmlega þrjú hundruð þúsund krónum. Hann hefur aldrei náðst.



**1987** Fyrsti þáttur Spaugstofunnar var sýndur í Ríkissjónvarpinu.

**1991** Litháar völdu sjálfstæði í þjóðaratkvæðagreiðslu.

**1992** Borgarastyrjöldin í Alsír: Stjórnvöld lýstu yfir neyðarástandi og hófu handtökur meðlima íslamska frelsisframvarðarins.

**1996** Frumefnið kópernikín var búið til með samruna kjarna blýs og sinks.



**2001** Ariel Sharon, formaður Likudflokksins, varð forsætisráðherra Ísraels.

**2001** Bandarískur kafbátur sökkti óvart japönsku fiskiskipi.

**2003** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hélt fræga ræðu í Borgarnesi þar sem hún sakaði ráðamenn um að stjórnast af persónulegri óvild í garð tiltekinna athafnamanna.

**2005** Fjörutíu manns særðust í sprengjuárás Frelsissamtaka Baska á ráðstefnuhöll í Madríd.



Fræðslu- og batasetur Rauða krossins, Vin, er í þessu fallega húsi við Hverfisgötu 47.

# Vin – athvarf Rauða krossins starfrækt í 25 ár

**Vin er athvarf fyrir fólk með geðraskanir rekið af Rauða krossinum. Um er að ræða fræðslu- og batasetur sem er opið alla virka daga þar sem gestir fá að taka þátt í starfinu. Vin er ætlað að rjúfa félagslega einangrun gesta athvarfsins með heimilislegri stemmingu.**

Vin er athvarf fyrir fólk með geðraskanir á vegum Rauða krossins í Reykjavík og á þessu ári hefur það verið rekið í 25 ár. Rýmið er hugsað sem fræðslu- og batasetur hvers markmið er að rjúfa félagslega einangrun, draga úr endurinnlögnum á geðdeildir, efla þekkingu á málefnum geðsjúkra og skapa umhverfi þar sem traust og tillit ríkir.

Rýmið er vel nýtt en þangað koma daglega um 40 manns. Í Vin halda gestir, starfsmenn og sjálfboðaliðar úti öflugu félagsstarfi í sameiningu – til að mynda eru reglulega haldin skákmót og fleira.

„Það er opið í Vin alla virka daga á milli 10 og 16. Ef gestir vilja geta þeir fengið verkefni eins og að elda matinn fyrir hádegið til dæmis, því að allir fara í mat saman, en það er engin krafa um að gera neitt – en ef þú vilt þá er það í boði. Það eru mjög reglulega haldin skákmót sem eru sívinsæl og svo er ferðafélag og þau, sem treysta sér til, fara til útlanda saman – þeir gestir sem mæta reglulega safna sem sagt í ferðasjóð saman.

Þetta er athvarf fyrir fólk til að koma og lesa blaðið, hitta fólk – stundum eru haldnar myndlistarsmiðjur, það er aðgangur að tölvum, það er spilað – alls konar dægrastytting,“ segir Brynhildur Bolladóttir, upplýsingafulltrúi Rauða krossins um það góða starf sem fer fram í Vin, og hefur gert síðustu 25 árin.

> **Það eru mjög reglulega haldin skákmót sem eru sívinsæl og svo er ferðafélag og þau, sem treysta sér til, fara til útlanda saman.**
>
> Brynhildur Bolladóttir

Vin er opin fyrir alla og er það keppikefli allra sem athvarfið stunda að halda þar úti heimilislegu andrúmslofti með það að markmiði að allir eigi kost á samveru, fræðslu og bataúrræðum.

Skrifað hefur verið undir samkomulag milli Reykjavíkurborgar og Rauða krossins um áframhaldandi rekstur Vinjar til næstu þriggja ára. **stefanthor@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST 9. FEBRÚAR 1984

## Iðnaðarbanki rændur í Breiðholti

Það var að kvöldi 9. febrúar fyrir 24 árum að fyrsta íslenska bankaránið var framið. Ungur maður með vélsleðagrímu fyrir andlitinu barði dyra að útibúi Iðnaðarbankans í Efra-Breiðholti, um það bil hálftíma eftir að bankanum hafði verið lokað klukkan sex en þá voru starfsmenn enn að vinna að uppgjöri dagsins og töldu aðkomumanninn vera sendil á vélhjóli. Var honum því hleypt inn. Gekk ræninginn rakleiðis að hirslum gjaldkera og tók að hirða seðlabúntin hvert af öðru uns starfsfólkið áttaði sig, en á leiðinni út sló hann fast til manns sem reyndi að hindra för hans, stökk út í kvöldmyrkrið og sást ekki meir, með 365 þúsund krónur upp úr krafsinu. Lögreglan gaf út myndræna og nákvæma lýsingu á manninum sem sagður var „18 til 20 ára, allur mjósleginn, hokinn í herðum með útstæð herðablöð. Göngulag sérkennilegt og fjaðrandi. Leggjalangur miðað við búk og fætur mjög grannir.“ Máttu ungir menn með útstæð herðablöð sæta augngotum samferðamanna sinna næstu vikur, en þrátt fyrir greinargóðar lýsingar lögreglu er þessi fyrsti íslenski bankaræningi enn ófundinn.


Á fjórða hundrað þúsund stolið úr útibúi Iðnaðarbankans

Bankaræninginn ófundinn

---



Elsku maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Bjarni Ólafsson**
Sléttuvegi 23,

er látinn. Útför hans hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Hjartans þakkir til ykkar allra fyrir góða umönnun og hluttekningu.

**Jónína Kristjánsdóttir**
**Guðbjörg Bjarnadóttir** — **Ragnar Ingólfsson**
**Sigrún Bjarnadóttir** — **Eiríkur K. Eiríksson**
**Kristín Bjarnadóttir** — **Högni Guðnason**
**Áslaug Bjarnadóttir** — **Gunnlaugur Magnússon**
**Helga Bjarnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristín Kristvarðsdóttir**

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði föstudaginn 2. febrúar. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 12. febrúar klukkan 13.

**Agnar Erlingsson** — **Elín Erlingsson**
**Þorkell Erlingsson** — **Margrét Hrefna Sæmundsdóttir**
**Ólafur Erlingsson** — **Anna Arnbjarnardóttir**
**Kristinn Ágúst Erlingsson** — **Sølvi Aasgaard**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Yndisleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ásdís Ársælsdóttir**
Fornhaga 13,

lést á Landspítalanum 26. janúar síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Ársæll Örn Kjartansson** — **Sesselja Magnúsdóttir**
**Kristinn Rúnar Kjartansson** — **Kristín Kristjánsdóttir**
**Svava Kjartansdóttir** — **Þröstur Emilsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskulegur bróðir okkar,

**Þórir Magnússon**

sem lést mánudaginn 29. janúar verður jarðsunginn frá Áskirkju þriðjudaginn 13. febrúar kl. 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Hrefna Magnúsdóttir**
**Ragna Magnúsdóttir**
**Soffía Magnúsdóttir**
**Karl Höfðdal Magnússon**

Fólk
Lífsstíll
FÖSTUDAGUR 9. FEBRÚAR 2018

# Rappið er popp nútímans

Ragna Kjartansdóttir eða Cell7 segir rappið orðið að popptónlist dagsins í dag. Hún er með plötu í smíðum eftir nokkurra ára hlé og fór fyrsta lagið, City Lights, í loftið í haust. Fram undan er tónleikaferð. →2



Ragna Kjartansdóttir rappar undir listamannsnafninu Cell7. Ný plata kemur út í sumar og fyrsta lagið er

*Frábærar veislur fyrir hópa*

Lambalæri bernaise og lambakótelettur 3.600 kr.
Þorramatur og heit og köld sviðaveisla 3.600 kr.
Siginn fiskur og saltfiskur með hömsum 2.900 kr.

Sjávarréttasúpa, smáréttir, salatbar og viðeigandi meðlæti, kaffi og hjónbandssæla innifalið

Lágmark 10 manns.
Nánari upplýsingar á sjavarbarinn.is



SJÁVARBARINN
SEAFOOD RESTAURANT
Grandagarði 9 - Sími 517 3131 - sjavarbarinn.is





EGSMARK
Oliver&Lucas WeissKrogh
kr. 179.800

LÍNAN
Bæjarlind 14 - 16 | 201 Kópavogi
Sími 553 7100 | linan.is / linanehf / linan.is
Opið mánudaga - föstudaga 11 - 18 / Laugard. 11 - 16

Framhald af forsíðu ➪

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Fyrsti míní-tónleikatúrinn verður í Sviss, af öllum stöðum. Við fengum gigg þar fyrir einhverju síðan sem er að vinda upp á sig. Fyrstu tónleikarnir verða í maí,“ segir tónlistarkonan Ragna Kjartansdóttir eða Cell7 eins og hún kallar sig en hún vinnur nú að nýrri plötu eftir nokkurt hlé.

„Ég ákvað loksins að skella í plötu. Hún kemur vonandi út í sumar en síðast gaf ég út plötu 2013. Í millitíðinni var ég upptekin af því að fjölga mannkyninu. Ég hef verið að koma mér aftur í gírinn og spila nýtt efni í haust og því fylgja blendnar tilfinningar. Það er bæði spennandi og taugatrekkjandi að flytja nýtt.“

Ragna geystist fyrst inn á rappsenuna seint á tíunda áratugnum þegar hljómsveit hennar Subterranean var valin bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum árð 1997. Subterranean naut mikilla vinsælda og hitaði meðal annars upp fyrir Fugees í Laugardalshöll.

„Það var toppurinn. Frekar stórt fyrir 17 ára krakka og lifir sterkt í minningunni,“ segir Ragna. „Það er varla hægt að biðja um meira, að vera svona ungur í hljómsveit og njóta velgengni. Ég sakna þess þó bara passlega og á hollan hátt. Þetta setti dálítið óraunsæjan standard á hvert maður ætlaði sem fullorðinn tónlistarmaður. Viðmiðið var að gefa bara út og það myndi alltaf ganga vel, en það er ekkert sjálfsagt. Það er ekkert gefið í þessum bransa,“ Ragna. Hún fékk smávegis nasasjón af glamúrlífi tónlistarbransans þegar hún vann sem lærlingur í hljóðveri í New York.

„Ég bjó í New York á árunum 2000 til 2004 og lærði hljóðupptöku á Long Island. Fyrir lítinn Reykjavíkurplebba var mjög spennandi að vinna í hljóðveri á Manhattan. Þarna voru nokkur stór nöfn eins og Foxy Brown og Timberland kom inn af og til og fleiri. Það var skemmtilegt að sjá viðskiptalegu hliðina á tónlistinni. Þessi stóru listamenn gera ekkert fyrir ekki neitt. Þetta voru öðruvísi týpur en maður hittir dagsdaglega. Annars konar fólk og maður kynntist þeim ekki neitt. Þetta var mikill bissness og mikill glamúr og jú auðvitað á ég nokkrar góðar sögur en þær eiga betur við yfir bjór.“


„Þetta voru frábærir tónleikar en ég hefði viljað sjá fleiri mæt,“ segir Ragna um Puzzy Patrol tónleikana sem fram fóru í Gamla bíói í janúar.


Subterranean sló rækilega í gegn á tíunda áratugnum og hitaði meðal annars upp fyrir Fugees. MYND/HARI

## Stelpur eiga erfiðara uppdráttar

Ragna hefur þó ekki setið auðum höndum og kom síðast fram á sviði hér heima í janúar á Puzzy Patrol tónleikunum sem fram fóru í Gamla bíói.

„Þar kom fram hríðskotalið kvenna í rappi. Þetta voru frábærir tónleikar en ég hefði viljað sjá fleiri mæta,“ segir Ragna. Fjöldi gesta hafi þó ekki endilega komið á óvart. „Stelpur eiga erfitt uppdráttar í tónlist yfirleitt myndi ég segja. Þannig liggur landslagið, allavega í rappinu og það er ekkert nýtt fyrir mér. En það er vonandi að breytast. Ég man til dæmis ekki eftir öðrum stelpum að rappa þegar ég var að byrja. Ég var samt ekkert að spá í það þá og í raun spái ég bara í tónlist fyrir það sem hún er. Til að tengja við tónlist sem aðrir eru að gera finnst mér lykilatriði að fólk hafi áhuga og ástríðu fyrir tónlistinni,“ segir hún.

Á nýju plötunni mun hún fá til liðs við sig valinkunnar söngkonur en segir það ekki hafa verið meðvitaða „girl power“ ákvörðun. „Nei, alls ekki, þetta var í raun bara skemmtilegt samstarf sem vatt upp á sig og nú er ég í sambandi við alls konar flottar íslenskar söngkonur. Þetta er nýtt fyrir mér og er alveg ótrúlega skemmtilegt,“ segir Ragna og þvertekur fyrir að vera reiður rappari sem þurfi að koma skilaboðum út gegnum tónlistina. Fjölskyldulífið hafi tekið yfir.

## Hangir á bílasölum um helgar

„Hvert lag á plötunni snýst bara um stemminguna þann daginn. Ég reyni að pæla ekki of mikið í þessu. Það vex mér í augum að reyna að hugsa plötuna sem einhverja heild. Ég tek bara einn dag í einu. Í fullri vinnu og með fjölskyldu hef ég bara kvöldin og stöku helgar í tónlistina,“ segir Ragna en fjölskyldan telur fjóra, eiginmann og tvö börn, átta ára og eins og hálfs árs. Ragna segir það passlegan fjölda enda krakkarnir á fjörugum aldri.

„Um helgar reynum við oft að glugga í blöðin og leita uppi eitthvað til að gera saman. Opið hús hjá bílasölunum er oft vinsælt, þar er eitthvað fyrir alla. Kallinn fær að prufukeyra nýja bíla og krakkarnir fá pulsu og blöðru og allir sáttir. Ég fæ bara að njóta þess að horfa á alla glaða,“ segir hún hlæjandi.

*Tekurðu tónlistarlegt uppeldi krakkanna alvarlega?* „Ég ræð því sem spilað er í bílnum en ætli aðal mótunin sé ekki um unglingsárin. Það á því eftir að koma í ljós hvort mér tekst að hafa einhver áhrif á þau,“ segir Ragna. Hún fagni því hversu vinsælt rapp sé orðið hjá yngstu kynslóðinni.

## Sköpunarkrafturinn mikill

„Rappið er popp nútímans. Það er gaman að sjá stefnuna vaxa svona mikið og hvernig íslenskir tónlistarmenn móta hana eftir sínu höfði. Þessir krakkar verða fyrir áhrifum héðan og þaðan en hafa samt sinn stíl í rappinu. Það kemur með tungumálinu og hrynjandinni. Rapp þekktist til dæmis ekki á íslensku þegar við vorum að byrja og við leituðum auðvitað bara í það sem við þekktum, amerískt rapp. Umhverfið hefur breyst mjög mikið. Tónlist er mun aðgengilegri núna og krakkar eiga miklu auðveldara með að afla sér upplýsinga og leita áhrifa gegnum netið. Það er líka orðið miklu auðveldara að búa til tónlistarmyndband. Í dag er það á færi nánast hvers sem er en þegar við vorum að byrja var það meiriháttar mál.

Sköpunarkrafturinn er mikill og í raun ekkert sem er krökkum frá því að gera allt sjálf.“

*Ert þú orðin fyrirmynd ungra tónlistarmanna?* „Ég veit það ekki en ég vona það. Ég held reyndar að margir tónlistarmenn séu einhvers konar fyrirmynd, hvort sem þeir kæra sig um það eða ekki. Maður reynir alltaf að vanda sig í því sem maður er að gera og að hafa jákvæð áhrif út á við.“

ENZYMEDICA
Söluhæsta meltingarvaran í Bandaríkjunum



ÚTSALA
Síðustu dagar
útsölunni lýkur
á laugardag
Nú einnig fáanleg í barna-stærðum
30% afsláttur
icebreaker® MERINO
ULLARFATNAÐUR
100% Merino ull, stingur ekki, lyktar ekki, hlýrri.
Peysur, bolir, húfur, jakkar, sokkar, vettlingar, leggings, nærföt
OSPREY BAKPOKAR
30-50% afsláttur
Hágæða bakpokar
Eitt mesta úrval landsins
Klifurbakpokar • Leiðsögumannabakpokar • Fjallgöngubakpokar • Dufflar
Krakkabakpokar • Fjallaskíðabakpokar • Hjólabakpokar • Ferðatöskur
OSPREY
patagonia®
live simple. live extreme
20-60% afsláttur
KEEN
Vatnsheldir gönguskór
Lágir og milliháir
Sandalar
Gott úrval
30% afsláttur
Allur viðlegubúnaður
með 30% afslætti
Afsláttarborðin verða að sjálfsögðu
á sínum stað með enn betri kjörum!
FERRINO
singing rock
30% afsláttur
GG•sport
BÓNUS
BYKO
Opnunartími:
í dag föstudag 10-18,
laugard. 10. feb. 11-18
Smiðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópvogi, sími: 571 1020 www.ggsport.is
„Finndu okkur á Facebook"

# Örvandi tónlist fyrir heilann

Rappið er ótrúlega skemmtilegt tjáningarform sem höfðar til flestra aldurshópa. Á næstunni geta áhugasamir landsmenn lært að rappa undir stjórn eins reynslumesta rappara landsins, Steinars Fjeldsted úr Quarashi. Helstu hæfniskröfur eru meðal annars smá kjarkur og frjótt ímyndunarafl.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Rapptónlistin hefur verið fyrirferðarmesta tónlistarstefna heims undanfarin ár og eru vinsældir hennar einnig miklar hér á landi. Þrátt fyrir það hefur ekki verið mikið framboð af rappnámskeiðum hérlendis undanfarin ár en það breytist síðar í mánuðinum þegar ungum og örlítið eldri gefst kostur á að nema rappfræðin undir stjórn Steinars Fjeldsted, betur þekkts sem Steina í Quarashi. Steini hefur verið rappandi meira og minna undanfarinn aldarfjórðung og ætti því að luma á góðum ráðum til þeirra sem ganga með rapparadrauminn í maganum.

Hann segir að flestir ættu að geta tekist á við rappið. „Það sem þarf helst til að vera rappari er bara smá kjarkur og frjótt ímyndunarafl. Einnig er mjög gott að hafa flæði og skemmtilega texta en það kemur allt með æfingunni. Íslenskan er tilvalin til rapps enda má segja að Íslendingar hafi verið að rappa í mörg hundruð ár. Það eru allir jafnir í rappinu, konur eru alveg jafn góðar að rappa og karlar og öfugt. Það eru samt fleiri karlar að rappa en það þýðir samt ekkert að þeir séu endilega betri.“

> **Íslenskan er tilvalin til rapps enda má segja að Íslendingar hafi verið að rappa í mörg hundruð ár. Það eru allir jafnir í rappinu, konur eru alveg jafn góðar að rappa og karlar og öfugt.**
>
> Steinar Fjeldsted

### Aldur skiptir engu máli

Námskeiðin eru haldin í Söngskóla Maríu Bjarkar og eru 6 til 9 ára krakkar í yngsta hópnum en sextán ára og eldri í þeim elsta. Það ætti að vera auðvelt að ímynda sér börn og unglinga spreyta sig á rappinu, en hvað með fullorðið fólk? „Það er klárlega hægt að kenna fullorðnu fólki að rappa enda er rapp ekkert nema tjáning og frelsi til þess að nett fríka út. Þetta er ótrúlega skemmtilegt tjáningarform sem höfðar til allra aldurshópa. Aldur skiptir engu máli svo lengi sem þú hefur gaman af því sem þú ert að gera.“

Eftirspurnin eftir svona námskeiðum hefur verið til staðar undanfarin ár, segir Steinar. „Ýmsir hafa komið að máli við mig síðustu árin og spurt út í slík námskeið. Þessa hugmynd má þó eiginlega rekja til konunnar minnar, hún spurði mig hvort þetta væri ekki sniðug hugmynd og þá fór þetta allt að smella saman. Rapp er náttúrulega gríðarlega vinsælt núna og það skemmtilega við rappið er að það nýtur vinsælda hjá fólki á öllum aldri.“

### Tryllt rappsena

Vinsældir og uppgangur íslensku rappsenunnar hefur ekki farið fram hjá mörgum og Steinar er einn þeirra sem eru mjög hrifnir. „Rappsenan í dag er algjörlega tryllt og ótrúlega góðir hlutir að gerast. Ungu rappararnir vita nákvæmlega hvað er að gerast og leggja mikinn metnað í tónlistina sem er mikil snilld. Senan á bara eftir að stækka meira og blómstra í takt við það. Einnig er tónlistin alltaf að þróast og þau sem halda áfram verða alltaf betri og betri. Ég sé því engan enda á þessari skemmtilegu þróun.“

### Mótandi tónlist

Steinar stofnaði sína fyrstu hljómsveit 11 ára gamall og hefur rappið verið stór hluti af lífi hans síðan. „Það var svo margt sem heillaði við rappið á sínum tíma, takturinn, textarnir og attitjúdið. Þessi „urban“ fílingur greip mig strax og þá varð ekki aftur snúið. Sveitir eins og Souls of Mischief, Pharcyde, Mobb Deep, Black Sheep, Beastie Boys, Jungle Brothers, De La Soul, Public Enemy, Snoop Dogg og margar fleiri rötuðu oft í spilarann hjá mér í gamla daga þegar ég skartaði víðum síðbuxum og dreddum og tók þetta alla leið.“

Beastie Boys höfðu sérstaklega mikil áhrif á Steinar. „Ég var mjög mikið á hjólabrettum og þetta var svona nett „skate“ útgáfan af rappi, skítugt, með mikið af sömplum og allt var leyfilegt. Þessi tónlist mótaði mig og vini mína á þessum tíma. Flestir þeirra fást við skapandi störf í dag sem þýðir bara eitt, þessi tónlist er örvandi fyrir heilann.“



„Það er klárlega hægt að kenna fullorðnu fólki að rappa enda er rapp ekkert nema tjáning og frelsi til þess að nett fríka út. Þetta er ótrúlega skemmtilegt tjáningarform sem höfðar til allra aldurshópa,“ segir Steinar Fjeldsted. MYND/ANTON BRINK

Veglegt hlaðborð með fjölbreyttum og bragðgóðum réttum




HLAÐBORÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 11:00 - 14:00
Verð kr. 2.100



Opið alla daga vikunnar frá kl. 11:00 - 22:00

Kínahofið
Kínahofið veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogi
www.kinahofid.is | kinahofid@kinahofid.is | Sími 554 5022
Við erum á facebook
www.kinahofid.is

# Leggja grunn að tónlistarlífi landsins



Tónlistarnám bætir einbeitingu, minni og sköpunargáfu.

**Formaður Samtaka tónlistarskólastjóra segir að tónlistarskólarnir séu mikilvægur grundvöllur fyrir hið öfluga tónlistarlíf sem er á Íslandi og að tónlistarnám bæði auðgi lífið og styðji við annað nám.**

Júlíana Rún Indriðadóttir, formaður Samtaka tónlistarskólastjóra, segir að á Íslandi sé mjög öflugt og fjölbreytt starf í tónlistarskólunum, en þeir eru um 90 talsins og í þeim eru um 15 þúsund nemendur. „Í flestum bæjarfélögum er tónlistarskóli og á Reykjavíkursvæðinu er fjölbreytt flóra tónlistarskóla, stórra og smárra. Sumir sérhæfa sig t.d. í söng eða ákveðnum kennsluaðferðum og aðrir bjóða upp á fjölbreyttar námsleiðir,“ segir Júlíana.

## Undirstaða tónlistarlífsins

„Úti um allt land gegna tónlistarskólarnir mikilvægu hlutverki í menningarlífinu og það gleymist oft að tónlistarskólarnir eru undirstaða hins fjölbreytta tónlistarlífs sem er á Íslandi, með öllum sínum tónleikum og tónlistarhátíðum á sviði klassískrar og rytmískrar tónlistar,“ segir Júlíana.

„Þetta öfluga tónlistarskólakerfi var byggt á grundvelli laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla sem sett voru 1963,“ segir Júlíana. „Tónlistarskólar sem njóta opinbers stuðnings starfa eftir námskrá sem menntamálaráðuneytið gefur og standa að samræmdu áfangaprófakerfi, en námið skiptist í þrjá megináfanga; grunnnám, miðnám og framhaldsnám.

Námsframvindan er einstaklingsbundin og háð aldri, getu og ástundun, en hver námsáfangi tekur oft um fjögur ár,“ segir Júlíana. „Það er mjög krefjandi að ljúka framhaldsprófi í tónlist og eftir það tekur við háskólanám hjá þeim sem vilja leggja tónlist fyrir sig.“



Júlíana segir að það sé mjög öflugt og fjölbreytt starf í tónlistarskólum landsins. MYNDIR/ERNIR

## Gildi tónlistarnáms

„Tónlist auðgar lífið og er vin í þeirri andlegu eyðimörk sem auðvelt er að villast inn í í nútímasamfélagi,“ segir Júlíana. „Það er mikil áskorun fyrir ungt fólk að hafa stjórn á sínum tíma, því það er mjög auðvelt að gleyma sér í allri þeirri afþreyingu sem er í boði.

Tónlistarnám þjálfar einbeitingu og minni og eflir vitsmuni og sköpunargáfu,“ segir Júlíana. „Rannsóknir sýna að tónlistarnám hefur jákvæð áhrif á námshæfni almennt, enda reynir þar bæði á lestur, skilning og rökhugsun. Það er líka mikil áhersla lögð á samspil í tónlistarnámi, sem eykur félagsfærni og virðingu fyrir öðrum. Megináherslur í menntastefnu nútímans eru á félagsfærni, sjálfseflingu, læsi, sköpun og heilbrigði og það er óhætt að fullyrða að tónlistarskólarnir rækta þessi gildi í miklum mæli.

Víða eru tónlistarskólarnir í góðu samstarfi við grunnskóla, en það mætti ganga miklu lengra í þessari samvinnu og nýta fagþekkinguna innan tónlistarskólanna í grunnskólunum með góðum árangri,“ segir Júlíana. „Yfirvöld menntamála verða að sjá tækifærin og vera tilbúin að nýta þau.“



Tónlistarnám eykur meðal annars félagsfærni barna.

## Glæsileg uppskeruhátíð á hverju ári

„Á hverju ári höldum við upp á uppskeruhátíð tónlistarskólanna, sem kallast Nótan,“ segir Júlíana. „Þá sendir hver skóli fulltrúa á sameiginlega landshlutatónleika og þar eru atriði valin til flutnings á sérstökum hátíðartónleikum. Nótan er um leið tónlistarkeppni, þar sem nemendum sem skara fram úr eru veittar viðurkenningar.“


# DAGUR TÓNLISTARSKÓLANNA

10. FEBRÚAR

**DAGUR TÓNLISTARSKÓLANNA ER HALDINN ANNAN LAUGARDAG Í FEBRÚAR ÁR HVERT**

DAGUR TÓNLISTARSKÓLANNA HALDINN HÁTÍÐLEGUR UM ALLT LAND
TÓNLISTARSKÓLAR LANDSINS ERU UM 90 TALSINS OG Í ÞEIM FER FRAM GRÍÐARLEGA FJÖLBREYTT OG ÖFLUGT STARF.
Á HÁTÍÐISDEGI ÞEIRRA, DEGI TÓNLISTARSKÓLANNA, EFNA SKÓLARNIR TIL ÝMIS KONAR VIÐBURÐA TIL AÐ VEKJA ATHYGLI Á STARFSEMI SINNI. MARKMIÐIÐ ER AÐ AUKA SÝNILEIKA OG STYRKJA TENGSL TÓNLISTARSKÓLANNA VIÐ NÆRSAMFÉLAGIÐ.
DAGUR TÓNLISTARSKÓLANNA ER HALDINN ANNAN LAUGARDAG Í FEBRÚAR ÁR HVERT, SEM NÚ BER UPP Á 10. FEBRÚAR.

**NÝI TÓNLISTARSKÓLINN**
Árlegur þemadagur. Þemað í ár er amerísk tónlist.
Boðið verður upp á sex stutta tónleika á tímabilinu 10:30–14:30
Gestum boðið upp á heitt súkkulaði og nýsteiktar kleinur.

**SÖNGSKÓLI SIGURÐAR DEMETZ**
HRUNADANSINN í ¾. Óperusýning í léttum dúr á sal skólans i Ármúla 44., 3. hæð. Sýningar kl. 15 og 17. Aðgangur er ókeypis.

**SUZUKITÓNLISTARSKÓLINN Í REYKJAVÍK**
Tónleikar kl. 14 í sal skólans í Sóltúni 24. Allir velkomnir.

**TÓNLISTARSKÓLINN Í FELLABÆ.**
Miðvikudaginn 28.febrúar kl:18:00 í sal Fellaskóla verða blandaðir tónleikar þar sem bæði nemendur leika klassíska og rytmíska tónlist.

**TÓNLISTARSKÓLI GARÐABÆJAR**
Í ár er samspil megin þema í Tónlistarskóla Garðabæjar.
Haldnir verða 14 stuttir tónleikar í tónleikasal og blásarasal skólans þar sem fram koma hljómsveitir, samspilshópar af ýmsum stærðum og gerðum, söngvarar og einleikarar.
Öll dagskráin fer fram í húsnæði skólans að Kirkjulundi 11 kl. 10.30 til kl. 15.00.

**TÓNLISTARSKÓLINN Í GRAVARVOGI**
ætlar að fjölmenna á ævintýratónleika Ævars vísindamanns með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Hörpu. Tónlist úr Harry Potter, Hringadróttinssögu, Draugabönum o.fl. Tónleikar kl. 14 og 16.

**TÓNLISTARSKÓLI HAFNARFJARÐAR**
Hljóðfærakynning fyrir nemendur í forskóla kl. 10 í Hásölum
Tónleikar á Torginu og í Hásölum til kl. 16.
Nemendur í rytmíska skólanum í Tónkvísl halda stutta tónleika víðs vegar í Hafnarfirði.

**TÓNLISTARSKÓLI REYKJANESBÆJAR**
Dagskrá í húsnæði skólans á Hjallavegi 2.
Kl. 10.45: Rokkhljómsveit úr Rytmískri deild skólans leikur.
Kl. 11.00 Hljóðfærakynningar fyrir nemendur Forskóla 2.
Kl. 11.00 Tónlistaratriði á göngum skólans.
Kl. 12.00: Tónfræðikeppni í tónleikasalnum Bergi. Vegleg verðlaun.
Kl.12.50: „Hljómsveitir kallast á“.
Nemendur Tónvers skólans munu streyma dagskránni beint um Facebooksíðu skólans.
Kaffihús Strengjadeildar opið meðan á dagskrá stendur.

**TÓNLISTARSKÓLI SELTJARNARNESS**
Opið hús frá kl. 14:00 – 16:00 þar sem boðið verður upp á tónlist af ýmsu tagi. Foreldrafélag lúðrasveitarinnar stendur fyrir kaffisölu.

**TÓNLISTARSKÓLI STYKKISHÓLMS**
Laugardaginn 24. febrúar eru tónleikar í tilefni af Degi tónlistarskólanna í Stykkishólmskirkju kl. 14:00. Eftir tónleika verður kaffihlaðborð í umsjá foreldrafélags lúðrasveitarinnar.

**TÓNSKÓLINN DO RE MI**
Tónleikar kl 11:00 með öllum þeim hljóðfærum sem boðið er upp á í skólanum.
Nemendur kynna verkin sem þau leika sjálfir.

**TÓNSKÓLI EDDU BORG**
Opið hús í húsnæði skólans, Kleifarseli 18, á milli kl. 13–15.
Tekið verður á móti gestum með slagverksatriði og nemendur skólans leika fyrir gesti í miðrými og í sal.
Boðið verður upp á vöfflur með rjóma og kaffi.

**TÓNSKÓLI HÖRPUNNAR**
Spönginni 39, Grafarvogi verður með opið hús á milli kl. 14:00 og 16:00. Þar verður boðið upp á hljóðfærakynningu, nemendur spila í salnum og kennarar munu jafnvel grípa í hljóðfæri. Myndasýning úr starfi skólans og nýbakaðar vöfflur með rjóma. Allir velkomnir.

**TÓNSKÓLI SIGURSVEINS D.KRISTINSSONAR**
Árleg hljóðfærakynning kl. 11–13 fyrir nemendur í forskóla, í Hraunbergi 2
Úrvalstónleikar fyrir Nótuna kl. 14:30 á Engjateigi 1

**TÓNLISTARSKÓLINN Í GRINDAVÍK**
Opið hús milli kl. 14:00 og 16:00 í Tónlistarskólanum við Ásabraut 2.
Heitt kaffi á könnunni. Nemendur skólans spila fyrir gesti og gangandi á heila og hálfa tímanum.
Allir hjartanlega velkomnir.

**TÓNSKÓLI AUSTUR –SKAFTAFELLSSÝSLU**
Opið hús frá kl. 11.30 –15.00 Tónleikar verða í sal skólans allan tímann. Kl. 13.00 Dagskrá fyrir forskólanemendur og aðra sem vilja koma.

*Verið velkomin*



Berglind hefur kennt yngri börnum tónlist og skapandi hreyfingu í meira en fimmtán ár, bæði hér heima og í Bandaríkjunum.

# Léttleiki og gleði í fyrirrúmi




**Berglind Björgúlfsdóttir verður með opna tónlistarstund fyrir yngstu kynslóðina í Menningarhúsi Árbæjar á sunnudaginn. Á dagskránni verður tónlist, fingraleikir, hringdansar og söngur.**

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Ég verð með opna tónlistarstund sem kallast Tónlist og hreyfing og er sérstaklega hugsuð fyrir fjölskyldur með ung börn, eða frá um eins árs aldri og upp í sex ára. Við ætlum að nota tímann til að syngja og dansa, stíga hringdans, gera fingraleiki og leika á ýmis ásláttarhljóðfæri. Svo verður frjáls hreyfing en ég reyni að fylgja hugmyndaflugi barnanna. Þau fá líka að stjórna eins og kostur er,“ segir Berglind Björgúlfsdóttir, sem lauk MA-prófi í listkennslufræðum frá LHÍ vorið 2015.

## Hrífur börnin með

Berglind hefur kennt yngri börnum tónlist og skapandi hreyfingu í meira en fimmtán ár, bæði hér heima og í Bandaríkjunum. Hún hefur einnig stjórnað barnakórum og stýrt krílasálmum, t.d. í Háteigskirkju, Guðríðarkirkju og Lágafellskirkju, auk þess að stjórna barnakórum.

„Í minni kennslu legg ég áherslu á að hrífa börnin með og að það sé gleði í því sem við erum að gera og við getum notað allan líkamann í náminu. Ég hef líka sinnt tungumálakennslu. Lokaritgerðin mín frá Listaháskóla Íslands fjallar um leiðir til að kenna nýjum Íslendingum íslensku og hvernig fjölskyldusamstarf getur hjálpað til við að ná tökum á nýju máli. Við lærum t.d. heilmikið í kringum tilfinningar á því sem við höfum virkilegan áhuga á. Ef við getum virkjað gleði barnanna og fengið fullorðna fólkið með þá læra allir á því.

Gleði, léttleiki og afslappað umhverfi ætti að gefa fólki meiri kjark til að tjá sig á öðru tungumáli en sínu eigin og það situr meira eftir,“ útskýrir Berglind.

> **Í kennslunni legg ég áherslu á að hrífa börnin með og að það sé gleði í því sem við erum að gera og við getum notað allan líkamann í náminu.**
>
> Berglind Björgúlfsdóttir

## Tónlist og hreyfing sem kennslutæki

Berglind hóf nýlega störf hjá Landakotsskóla en hluti nemendanna er af erlendu bergi brotinn. Þar kemur listkennslufræðin sér vel við tungumálakennsluna. „Innan Landakotsskóla er alþjóðaskóli þar sem ég kenni enskumælandi börnum íslensku í bland við íslenska menningu. Ég nota t.d. tónlistarleiki og hreyfingu til að kenna þeim tungumálið. Mín einkunnarorð í kennslu eru listir, náttúra og upplifun,“ segir hún að lokum.

Tónlistarstundin hefst kl. 14.30 á sunnudaginn í Menningarhúsi Árbæjar.

FJALLA KOFINN

# SKELLTU ÞÉR Í FJÖLLIN!

## SKÍÐAPAKKAR Á FRÁBÆRU VERÐI

## 20% AFSLÁTTUR*

**KARLAR**
Verð frá **68.784 kr.**

**KONUR**
Verð frá **68.784 kr.**

**BÖRN OG UNGLINGAR**
Unglingar - verð frá **48.384 kr.**
6-9 ára börn - verð frá **36.788 kr.**
Yngstu börnin - verð frá **32.788 kr.**

**GÖNGUSKÍÐI**
Byrjendapakki - verð frá **49.984 kr.**

**FJALLASKÍÐI - 20% AFSLÁTTUR**
Mikið úrval - miðast við skíði, skó, bindingar, skinn, stafi

**AÐSTÆÐUR HAFA SJALDAN EÐA ALDREI VERIÐ BETRI TIL SKÍÐAIÐKUNAR**

Skelltu þér í fjöllin ... á nýjum græjum!




**Nánari upplýsingar á fjallakofinn.is**
**eða í skíðadeildinni Kringlunni 7, Húsi verslunarinnar.**

*Skíðapakki inniheldur skíði, skó, bindingar og stafi

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is

FJALLA KOFINN

# Fékk ástina heimsenda

Norðanmaðurinn Helgi Þórsson ætlar að pönkast af krafti á Hard Rock á morgun. Hann er bóndi sem heilsar trjám, hannar forleiksklæði, ræktar jarðarber og semur ástargrenjitexta með HogH.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is





Helgi Þórsson er bóndi á Kristnesi, pönkari í HogH, fatahönnuður og garðyrkjufræðingur. MYND/AUÐUNN NÍELSSON

Helgi hlakkar mikið til að koma til Reykjavíkur. Ekki síst fyrir tilbreytinguna, að sjá annað fólk og hitta önnur tré.

„Ég er mjög trémiðaður maður og trén fyrir sunnan eru önnur en trén fyrir norðan. Það kemur oft fyrir að ég heilsi trjám, sérstaklega þegar þau eru gamlir kunningjar enda finnst mér það sjálfsögð kurteisi þegar ég er farinn að kannast við þau,“ segir Helgi sem tekur trjám jafn persónulega og fólki en stendur vanalega ekki í löngum eða djúpum samræðum við þau.

Hann er náttúrubarn fram í fingurgóma. Sveitastrákur að norðan.

„Ég er fæddur árið 1969 og uppalinn á ættarjörðinni Kristnesi í Eyjafjarðarsveit þar sem fjölskyldan mín hefur stundað búskap í meira en 150 ár. Í túninu heima var reist berklahæli árið 1927 en þegar ég ólst upp var Kristneshælið orðið að athvarfi aldraðra, geðsjúkra og þroskaheftra,“ útskýrir Helgi sem tók við búskapnum af foreldrum sínum og heldur 23 kýr, 90 kindur, geitur, hænur, endur, ketti, gullfiska og haga- og húsamýs, sem reyndar ganga sjálfala.

„Ég vakna um hálfsjö á morgnana til að fara í fjósið en finnst svo gott að fá mér hænublund eftir mjaltirnar klukkan átta,“ segir ábúandinn í Kristnesi kátur. Það lá alltaf fyrir að hann yrði bóndi.

„Ég hafði alltaf gaman af skepnunum og trjárækt, en sérstaklega berjarækt sem er líf mitt og yndi. Mesta alvaran er í jarðarberjaræktinni en ég rækta berin undir berum himni og í fyrra uppskar ég 300 kíló sem ég seldi á nokkrum stöðum. Ég safna líka mismunandi tegundum af sólberjayrki sem gefur ólíkt bragð þótt það sé af sömu ættinni,“ segir Helgi sem er menntaður búfræðingur og garðyrkjufræðingur.

### Paradís í Kristnesi

Helgi ólst upp með pabba sínum og mömmu, afa sínum og ömmu, systkinum og ömmusystur í stórum bæ sem langafi hans og langafabróðir reistu af miklum myndarskap í Kristnesi.

„Það var alltaf líf og fjör í Kristnesi sem er sannarlega engin afdalasveit því bærinn er steinsnar frá Akureyri og í húsunum við hælið bjó margt starfsfólk með börn sín og buru. Því var hér krökkt af krökkum sem allir léku sér saman og ég eignaðist marga góða vini,“ segir Helgi sem býr í Kristnesi með konu sinni, fjórum sonum, föður og bróður.

„Kristnes hefur því haldist sem ættarsetur og það er dásamlegt að mega vera með fólkinu sínu. Allir sem eiga börn vita að þau elska að hafa líf í kringum sig og það er dýrmætt fyrir þau að umgangast allar kynslóðir ættmenna sinna. Þannig er yngsti sonur minn, nú fjögurra ára, og afinn stórkostlegt par sem heldur mikið saman.“

### Saumaði Akureyrarbrók

Helgi er „altmuligtmand“, eins og sagt er, og meðfram bústörfum, jólatrjáa- og jarðarberjarækt hannar hann föt.

„Já, ég hef lengi dúllað mér við fatahönnun. Það byrjaði í djóki fyrir margt löngu þegar Akureyrarbær efndi til hönnunarkeppni og vildi fá hugmyndir og sýnishorn af akureyrskum minjagrip sem bærinn gæti gefið virðulegum gestum að utan. Þá sá ég lögun skjaldarmerkis bæjarins fyrir mér sem nærbrók og hannaði í snarhasti bikiní með skjaldarmerkinu; helvíti flott, þótt ég vissi að virðulegum gestum yrði aldrei gefin sú Akureyrarbrók. Mér þótti þetta rosa fyndið þá, en síðan hafa margir fattað þennan möguleika og nú er hægt að finna sams konar brækur með hinum ýmsu skjaldarmerkjum. Þetta kveikti hins vegar áhugann á frekari hönnun og ég tek skorpur við að teikna og sitja við saumavélina sem oft endar á sýningum og uppákomum því sumt er eins og leikhúsbúningar, forleiksklæðnaður eða ofurhetjubúningar,“ segir Helgi.

Eiginkona Helga er Beate Stormo frá Noregi. Hún er Norðurlandameistari í eldsmíði.

„Beate kom á átjanda ári sem vinnukona í Kristnes og hefur verið hér meira og minna síðan,“ segir Helgi um sína heittelskuðu sem hann segir orðinn meiri Íslending en margan Íslendinginn. „Þannig kom Beate til mín eins og heimsending í Kristnes og það var ást við fyrstu sýn. Hún er sveitastelpa af bæ í Norður-Noregi, þar sem hita- og ræktunarstig er næstum eins og hér í Eyjafjarðarsveit, og við erum glettilega samhent í búskapnum.“

Meðfram bústörfunum hamrar Beate glóandi heitt járnið og Helgi situr við sauma.

„Listfengi okkar hjóna snýst um sköpunargleðina, en tíu dögum fyrir jól förum við árvisst með heimasmíðaðan vagn, hlaðinn fatahönnun minni, járnvörum Beate og tónlist HogH til Akureyrar og erum þar með eigin jólamarkað og útisvæði með heimaræktuðum jólatrjám úr Kristnesi. Ég þekki vitaskuld öll mín jólatré persónulega en finnst ég þó ekki vera að selja fjölskylduna í þrældóm þegar ég sel þau. Þegar ég byrjaði í skógrækt leið mér þó með keðjusögina eins og ég væri að saga vini mína í tvennt en það hefur sem betur fer breyst.“

### Ekki alltaf í sparifötunum

Helgi er forsprakki pönkhljómsveitarinnar Helgi og hljóðfæraleikararnir sem stígur á svið á Hard Rock Café í Reykjavík annað kvöld.

„Hljómsveitin teygir anga sína aftur í Kristnesþorpið því við fjórir orginalarnir höfum þekkst síðan við vorum smápattar og ólumst upp í Kristnesi. Við höfum verið að í minnst þrjátíu ár og aldrei tekið okkur langt hlé. Markaðssvæðið er ekki stórt en einhver tók saman að við værum sú hljómsveit sem gefið hefur út flestar plötur á Íslandi. Ég sel það ekki dýrara en ég keypti það, þótt það sé alltaf gott að eiga einhver met, þótt óstaðfest séu,“ segir Helgi og hlær.

Tónlist HogH er sprottin úr jarðvegi pönksins og þeim liggur margt á hjarta.

„Við látum bara vaða því pönkið gefur manni leyfi til að vera ekki alltaf í sparifötunum. Upptökurnar mega líka vera lélegar ef stemningin og krafturinn er í lagi,“ segir Helgi sem semur alla texta við lög HogH en segja má að tónlistin spanni allt frá pönki yfir í þungarokk, þjóðlagatónlist, kántrí og djass.

„Það verður að vera saga, túlkun tilfinninga eða líf í textunum; tilveran og auðvitað ástin. Tveir af hverjum þremur textum eru ástargrenjitextar í mispönkuðum útgáfum,“ segir Helgi og skellir upp úr. Hann sér um sönginn og kröftuga sviðsframkomu.

„Þetta asnalega nafn á hljómsveitinni varð til af því að ég spila á næstum ekkert. Ég hef þó stundum svindlað og er býsna góður á tambúrínu, bongótrommur og hristu. Fimmti meðlimurinn bættist svo við fyrir nokkrum árum þegar við fundum helvíti góðan þýskukennara sem spilar bæði á gítar og saxófón.“

Helgi lofar kraftmiklu rokki á Hard Rock.

„Við erum búnir að vera duglegir að æfa en þegar komið er yfir tugina af plötum eru andskotans mörg lög að velja úr. Þetta verður kokkteill af gömlu og nýju efni, eitthvað verður pönkskotið og annað djassað upp, og það verður gerð tilraun á pönkuðum áhorfendum til að sjá hvernig þetta fer í meltingarkerfin á þeim,“ segir Helgi og býst við skemmtilegum graut af áhorfendum.

„Það hefur skapast ákveðin átthagamenning þegar við spilum fyrir sunnan og margir brottfluttir norðanmenn hafa mætt til að hlusta. Það er lúmskt stór hópur sem kannast við okkur, en þarna verða líka stærri nöfn að spila með okkur og stemningin verður góð.“

Tónleikarnir á Hard Rock hefjast klukkan 22 á morgun, laugardaginn 10. febrúar. Ásamt Helga og hljóðfæraleikurunum koma fram sunnansveitirnar Fræbbblarnir og Taugadeildin og norðanpiltarnir í Lost.

FERMINGARBLAÐIÐ

**Veglegt sérblað Fréttablaðsins**
um fermingar kemur út 27. febrúar nk.
Allt sem viðkemur fermingunni og miklu miklu meira.

**Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.**



**Upplýsingar hjá auglýsingadeild Fréttablaðsins í síma 512 5402 eða sendu okkur póst á netfangið serblod@frettabladid.is**

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

# Sérmeðferðir fyrir þá sem gera kröfur um raunverulegan árangur !






Snyrtistofan Hafblik býður upp á hinn vinsæla Supreme Hollywood-meðferðarkúr sem gefur raunverulegan árangur. Þessi náttúrulega og kröftuga viðgerðarmeðferð á andliti er raunhæf leið til að eldast með fullri reisn. Staðreyndin er að það tekur okkur mörg ár að mynda djúpar hrukkur og aðrar skemmdir í húð. Þær hverfa ekki á einni nóttu. Það er engin skyndilausn til. Supreme Hollywood-meðferðarkúr er langtíma-ferli og þ.a.l. raunveruleg viðgerð sem vinnur á ótímabærri öldrun húðar, vinnur á litabreytingum og öldrunarblettum og styrkir og stinnir húðvefinn. Starfsemi húðar verður sterkari, heilbrigðari og virkari.

**Glæsilegir tilboðspakkar í boði og allt frá 55 þús. upp í 150 þús. kr. afsláttur !**

## Við bjóðum einnig: Háræðaslitsmeðferðir

**HENDUR – ANDLIT – HÁLS – BRINGA**




**Hljóðbylgjumeðferð**
Fjarlægir háræðaslit í andliti, háræða-stjörnur, blóðblöðrur og skemmdir í húð eftir rósroða.

**Hversu margar meðferðir þarf?**
Algengt er 2-4 skipti, en misjafnt er hversu margar meðferðir þarf til að fjarlægja háræðaslit endanlega.

**Fyrir þá sem gera kröfur um gæði og árangur**

**Bókið frían tíma í skoðun/viðtal**

**Snyrtistofan Hafblik**

Hlíðasmára 9 • Kópavogi • S. 893 0098 • snyrt@snyrt.is • www.snyrt.is

# Pappakassar og blöðrur er stundum allt sem þarf

**Öskudagurinn er á miðvikudaginn og það er fátt skemmtilegra en að leyfa hugmyndafluginu að leika lausum hala við búningagerð, án þess að eyða stórum fjárhæðum.**

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is





Hér má sjá stórglæsilegan vínberjaklasa og fleiri flott fyrirbæri að öskudagsstörfum.

Nú nálgast öskudagurinn eins og óð fluga og tíminn til að handsauma eitthvert stórkostlegt meistaraverk til að senda börnin í út í sælgætissníkjur er að renna út. Góð ráð eru þó ekki alltaf dýr þegar kemur að búningagerð og oft eru einföldustu hugmyndirnar langflottastar þegar upp er staðið. Með blöðrum, pappakössum og málningu er til dæmis hægt að komast ansi langt. Leyfðu barninu að taka þátt í sköpunarferlinu, oft verða bestu hugmyndirnar til þar. Og munið svo að það sem skiptir máli er að fíla sig! Hér eru nokkrar einfaldar búningahugmyndir. Gleðilegan öskudag!

## Freyðibað

Blástu upp svona um tíu hvítar blöðrur. Finndu gamlan kút og festu utan um mittið á barninu. Festu blöðrurnar á kútinn og settu baðhettu eða handklæði á höfuðið á barninu og hengdu blöðrurnar síðan á það. Gúmmíönd eða baðskrúbbur setur punktinn yfir i-ið.

## Vínberjaklasi

Finndu fjólubláan eða grænan bol, settu barnið í hann og festu uppblásnar blöðrur í sama lit á bolinn.

## Sjónvarpsfréttamaður

Skerðu ramma í eina hlið pappakassa og settu yfir höfuðið á barninu.

## Sími

Hér má nota stóran pappakassa, helst í lit en annars er hægt að mála hann. Sníðið til tvo jafnstóra rétthyrninga og festið saman á öxlunum eins og auglýsingaskilti í gamla daga. Takið símann ykkar og líkið eftir. Prentið út hin ýmsu símatákn, eins og Snapchat-drauginn, Twitter-fuglinn og Facebook eff-ið og límið á framhliðina.

## Fjarstýring

Eiginlega eins og síminn nema þú teiknar eða málar fjarstýringartakkana í stað símatáknanna á framhliðina.

## Töfrateningur

Finnið ferkantaðan pappakassa og klippið út botninn og göt fyrir hendur og höfuð. Málið hliðar kassans í mismunandi litum og skiptið hverjum fleti í níu hluta með svartri málningu. Klæðið barnið í eins og peysu.

## Múmía

Nú eru loksins komin not fyrir allan klósettpappírinn sem þú hefur keypt til að styrkja hitt og þetta félagslíf vina og vandabarna. Vefðu barnið þitt inn í klósettpappír, en skildu eftir rifu fyrir augun. Málaðu svart í kringum þau ef vill. Festið með málningarlímbandi.







## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

Tek að mér ýmisskonar húsaviðhald. Uppl. 8478704 eða manninn@hotmail.com

## Spádómar

**661 3839 - SÍMASPÁ**
Opið frá kl. 14 alla daga.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Bækur

**BÓKALAGER TIL SÖLU**
Barnabækur als 4.800 stk Upplagt fyrir sölu á Bókamörkuðum í Rvík og Akureyr. Verð: 1.200.000- upplýsingar í 8923334

# Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

# Atvinna

## Atvinna í boði

Heimaás

**NEMI Í HÚSASMÍÐI**
Heimaás óskar eftir að ráða nema á samning í húsasmiði.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is**
**Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**

Vissir þú að...
Barnaheill Save the Children á Íslandi
Foreldrar bera megin ábyrgð á að styðja að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska barna sinna.

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



Tilboð
Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir á aðeins 5.500.-
Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart




HAPPY HOUR ALLA DAGA!! kl. 16-19

Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
„Best geymda leyndarmál Kópavogs"

LEIKIR HELGARINNAR:
Laugardagur:
Tottenham - Arsenal kl. 12:20
Sunnudagur:
Newcastle - Man. Utd. kl. 14:05
Southampton - Liverpool kl. 16:20

Gullnáman

Hljómsveitin TRAP
spilar um helgina frá kl. 00:00 - 03:00



Rúnar Þór-Reynir Guðm-Örn Jóns-Rúnar Villa-Diddi Hermanns

Heitur matur í hádeginu alla virka daga • Boltatilboð • Happy hour • Lifandi tónlist allar helgar

Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent
www.capacent.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

## Fréttablaðið eykur þjónustu sína.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á
eftirfarandi stöðum víðsvegar um landið:

N1 · olís · Samkaup · BÓNUS · nettó · FJÖRÐUR






FRÉTTABLAÐIÐ

mest lesna dagblað landsins.

Coca-Cola
LAUGARÁS BÍÓ – bara lúxus –
5% midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

FIFTY SHADES FREED – Sýnd kl. 8, 10.15
MOLLY'S GAME – Sýnd kl. 7.50, 10.30
LÓI – Sýnd kl. 3.50, 6
MAZE RUNNER – Sýnd kl. 8
THE COMMUTER – Sýnd kl. 10.40
PADDINGTON 2 – Sýnd kl. 3.50, 5.45
JUMANJI – Sýnd kl. 5

ÓDÝRT Í BÍÓ
TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS UM HELGINA.
ATH! TILBOÐSSÝNINGAR ERU MERKTAR MEÐ RAUÐU.

SAMBÍÓIN SAMbio.is
KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

Nýjasta mynd Clint Eastwood – THE 15:17 TO PARIS – Hörkuspennandi mynd byggð á sönnum atburðum
Dakota Johnson, Jamie Dornan – FIFTY SHADES FREED – Ekki missa af lokakaflanum
Helen Mirren, Jason Clarke – Hörkuspennandi spennuhrollvekja um eitt mesta draugahús Bandaríkjanna – WINCHESTER – Byggð á sannri sögu
Gary Oldman – ★★★★★ ★★★★★ – 6 ÓSKARS-TILNEFNINGAR – Þ.Á.M. BESTA MYNDIN, BESTI LEIKARI Í AÐALHLUTVERKI – DARKEST HOUR
Meryl Streep og Tom Hanks í nýrri stórmynd frá Steven Spielberg – The Post – 2 ÓSKARS-TILNEFNINGAR – BESTA MYNDIN, BESTA LEIKKONAN -MERYL STREEP

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| THE 15:17 TO PARIS | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| THE 15:17 TO PARIS VIP | KL. 5:50 - 8 |
| WINCHESTER | KL. 5:50 - 8 - 10:30 |
| WINCHESTER VIP | KL. 10:10 |
| DEN OF THIEVES | KL. 5:40 - 8:30 - 10:10 |
| THE POST | KL. 8 |
| ÆVINTÝRI Í UNDIRDJÚPUM ÍSL TAL | KL. 5:50 |
| STAR WARS 2D | KL. 5:20 - 8:30 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| THE 15:17 TO PARIS | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| WINCHESTER | KL. 8 - 10:20 |
| DARKEST HOUR | KL. 8 - 10:40 |
| THE POST | KL. 8 - 10:30 |
| ÆVINTÝRI Í UNDIRDJÚPUM ÍSL TAL | KL. 5:50 |
| STAR WARS 2D | KL. 5 |
| COCO ÍSL TAL | KL. 5:40 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| FIFTY SHADES FREED | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| DARKEST HOUR | KL. 5 - 7:40 - 10:20 |
| THE POST | KL. 6:30 - 9 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| THE 15:17 TO PARIS | KL. 8 |
| FIFTY SHADES FREED | KL. 8 - 10:20 |
| WINCHESTER | KL. 10:20 |
| LÓI | KL. 6 |
| PADDINGTON 2 ÍSL TAL | KL. 5:40 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| THE 15:17 TO PARIS | KL. 8 - 10:35 |
| WINCHESTER | KL. 10:10 |
| DARKEST HOUR | KL. 8 |
| THE POST | KL. 5:30 |
| ÆVINTÝRI Í UNDIRDJÚPUM ÍSL TAL | KL. 5:50 |

Gerard Butler – DEN OF THIEVES
ÆVINTÝRI Í UNDIRDJÚPUM – Sýnd með íslensku tali

# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 9. FEBRÚAR 2018

### Tónlist

**Hvað?** Hljómsveitin Molecule
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Sólon, Laugavegi
Ingi Valur, Pétur Valgarð, Kiddi og Gunz spila perlur og svín popptónlistar undanfarinna missera þar á meðal Paul Simon, Seal, Jeff Buckley, Bruno Mars o.fl. Þessir vinir hafa þekkst frá barnæsku og hafa verið lausamenn hjá ýmsum listamönnum s.s. Stefáni Hilmarssyni, Regínu Ósk, Ríó tríói, Bermuda og Sputnik auk margra annarra hérlendis sem erlendis. Ingi Valur söngvari er mörgum kunnur í Reykjavík sem trúbador og náði í úrslit á The Voice Iceland um árið.

**Hvað?** Jói Pé og Króli – Barna- og unglingatónleikar og kvöldtónleikar
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Höllin í Vestmannaeyjum
JóiPé og Króli slógu í gegn með laginu B.O.B.A. sem var eitt vinsælasta lag landsins á síðasta ári. Þeir hafa sent frá sér tvær plötur á stuttum tíma og sú seinni, Gerviglingur, fékk gríðarlega góðar viðtökur og um tíma sátu öll átta lög plötunnar á topp 20 yfir vinsælustu lögin á Spotify á Íslandi. Þeir spila á tvennum tónleikum í Vestmannaeyjum nú í kvöld – annars vegar klukkan 17 og hins vegar klukkan 22.

**Hvað?** Live Jazz Friday
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Klaustur, Kirkjutorgi
Jazz tríó Klaustursins fagnar vikulokunum með okkur alla föstudaga milli kl. 19-21. Tilvalið að kíkja með vinnufélögum eftir góða vinnuviku, eða áður en farið er út að borða eða út á lífið.

### Viðburðir

**Hvað?** Ofurhetjusögustund með Sigrúnu Eldjárn
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Aðalsafn Bókasafns Kópavogs
Ofurhetjan Sigurfljóð getur allt og hjálpar öllum. Hlustendur eru hvattir til þess að bregða handklæði um axlirnar áður en þeir mæta.

**Hvað?** Reykjavík Kabarett




JóiPé og Króli spila á tvennum tónleikum í Eyjum í kvöld.

**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gamla samkomuhúsið, Akureyri
Reykjavík Kabarett blandar saman burlesque, kabarett, sirkuslistum, dragi og töfrum, með skvettu af fullorðinsbröndurum og er púsluspil skemmtiatriða úr ýmsum áttum. Sýningin er gestasýning Leikfélags Akureyrar.

**Hvað?** Halldór Haraldsson: Fróðleiksmolar í andlegri viðleitni
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Lífspekifélagið, Ingólfsstræti
Opið öllum áhugasömum.

**Hvað?** Uppistand Ebbu Sig
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kaffi Laugalækur, Laugarnesvegi

**Hvað?** Fjáröflunarflutningapartí Andrýmis
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Iðnó
Eftir þrjá blússandi mánuði af fyrirlestrum, kvikmyndakvöldum, fjölskyldumorgnum, jógatímum, eldhúsi fólksins og tungumálakennslu er Andrými að flytja úr Iðnó. Þar sem styttist í flutninga ætlum við að koma saman eins og okkur einum er lagið, fagna og dansa. Fylgdu okkur í gegnum kraftmikið kvöld fullt af ljóðum, lifandi tónlist, mat og Dj-settum og skemmtum okkur saman!

**Hvað?** Fjölskylduspilastund í Spilavinum
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Spilavinir, Suðurlandsbraut
Annan hvern föstudag munu Spilavinir hér eftir halda sérstök spilakvöld fyrir fjölskyldur með börn frá 4 ára aldri. Kíkið við milli kl. 16 og 18 í dag og spilum eitthvað skemmtilegt saman. Við kennum ykkur spilin sem þið viljið prófa og hver veit, kannski finnið þið eitthvað ótrúlega skemmtilegt til að gera saman fjölskyldan.

**Hvað?** Raiders of the lost Ark – föstudagspartísýning
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Myndin gerist árið 1936 þegar prófessor í fornleifafræði, Indiana Jones, fer á vit ævintýra um frumskóga Suður-Ameríku.

### Sýningar

**Hvað?** Kveikjuþræðir: Guðríður Skugga Guðlaugsdóttir
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Listaháskóli Íslands, Laugarnesvegi
Guðríður Skugga Guðlaugsdóttir opnar einkasýninguna States of change / Shifting forms II í Kubbnum, 2. hæð Listaháskólans að Laugarnesvegi 91, í dag. Er þetta þriðja opnun meistaranema í myndlist á vormisseri innan sýningarraðarinnar Kveikjuþræðir.

**Hvað?** Hjartastaður / Place of the Heart
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Listasalur Duus Safnahúsa, Reykjanesbæ
Listasafn Reykjanesbæjar opnar sýningu á Þingvallamyndum úr einkasafni Sverris Kristinssonar í Listasal Duus Safnahúsa. Í tilefni 100 ára afmælis fullveldis á Íslandi veltum við fyrir okkur gildi þessa helgasta staðar Íslendinga fyrir þjóðarvitundina og þá um leið áhrifum Þingvalla á myndlist þjóðarinnar. Sýningarstjóri er Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur og Birgir Hermannsson lektor skrifar texta í sýningarskrá. Myndefnið á sýningunni tengist allt Þingvöllum og meðal höfundanna eru helstu listamenn Íslendinga á tuttugustu öld. Við sama tækifæri opnar Byggðasafn Reykjanesbæjar sýningu í Stofunni í tilefni 50 ára afmælis Kvennakórs Suðurnesja.

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími: 696 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Síðumúla 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is

Vatnsheldir gæðaskór
Frá Lytos með innbyggðum broddum í sóla.
Verð 16.995
Stærðir 36-47
LYTOS
skórnir þínir
SMÁRALIND • 2 HÆÐ
SKORNIRTHINIR.IS

BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
Óþekkti hermaðurinn .......... 17:30, 20:00, 22:30
Þýskir dagar: Beuys ENG SUB .......... 17:45
Þýskir dagar: In The Fade ENG SUB .......... 17:45
Raiders Of The Lost Ark .......... 20:00
Þýskir dagar: Wild Mouse ENG SUB .......... 20:00
Call Me By Your Name .......... 22:30
Three Billboards Outside Ebbing Missouri .......... 22:00
ÓÞEKKTI HERMAÐURINN
BEUYS



**NÝJUNG**

## Vatnsdeigsbolla með piparbrjóstsykri

Súkkulaði glassúr · Irish Coffee · Karamella og bananar · Daim og kaffi · Kókosbolla · Gerbolla með súkkulaði glassúr · Krakkabolla

| Ger- og vatnsdeigsbolla | Krakkabolla |
|---|---|
| 349 kr/stk | 199 kr/stk |

Tilboð gilda út 11. febrúar




### Myllu gerbollur með súkkulaði

6 stykki í pakka

**649** kr/pk




### Síríus Konsum

Gamla góða konsumið, 300 g

**559** kr/stk




### Good Good sulta með stevíu

Án viðbætts sykurs, sætt með stevíu

**379** kr/stk




**NÝJUNG**

### Peperami pyslur

Pylsusnakk sem bragð er af!

verð frá **99** kr/stk



**NÝ SENDING**
**SÍÐASTA SENDING SELDIST UPP!**

### Tengdamömmutungur 4 tegundir

Frábærar með ostunum, pastanu eða einar og sér!

**799** kr/pk



**NÝJUNG**

### Steinbakað súrdeigsbrauð

Með spíruðum rúg

**849** kr/stk

# Meira bragð





**Kjúklingabringur**

**1.869** kr/kg
Verð áður 2.199 kr/kg





**Heill ferskur kjúklingur**

**719** kr/kg
Verð áður 799 kr/kg





**Lambaprime**

**3.149** kr/kg
Verð áður 4.199 kr/kg





**Saltkjöt hefðbundið & saltskert**

Blandað **1.199** kr/kg
Valið **2.299** kr/kg

HAGKAUP
Meira svona alla daga

# Mögulega síðasti maðurinn á jörðinni

**Ívar Sverrisson leikstjóri undirbýr frumsýningu nýs leikverks í Nuuk á Grænlandi. Verkið nefnist Ukiumi Ulloriaq, eða Vetrarstjarna, og fjallar um mann í hrikalegum aðstæðum í náttúru Grænlands – mögulega þann síðasta á jörðinni.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Vetrarstjarna er sýning um mögulegar náttúruhamfarir framtíðar," segir Ívar Örn Sverrisson, leikari og leikstjóri, um nýtt grænlenskt leikrit sem hann er að setja upp í Nuuk á Grænlandi og verður frumsýnt þar 16. febrúar. Það fjallar í stórum dráttum um Grænlendinginn Ukiumi Ulloriaq sem hefur tekist að lifa af hrikalegar hamfarir. „Hann er mögulega síðasti maðurinn á jörðinni og við fylgjumst með baráttu hans við náttúruöflin á Grænlandi, þar sem hann gerir upp líf sitt," lýsir Ívar Örn og segir verkið eftir Grænlendinginn Maasi Brøns Chemnitz. „Chemnitz er 23 ára rithöfundur og þetta er fyrsta sviðsverkið hans. Sýningin tekur klukkustund, þar eru þrír reyndir grænlenskir leikarar sem hafa starfað víða í Evrópu og Kanada og getið sér gott orð."

Hljóðheimurinn er mikilvægur í sýningunni, hann er skapaður af danska tónlistarmanninum Fredrik Eberhardt, að sögn Ívars Arnar. „Svo er mikið lagt upp úr því sjónræna, þar er áhersla á líkamlega tjáningu og hreyfingu, leikhúsaðferð sem ég hef leynt og ljóst þróað með mér síðustu 16 ár," segir Ívar Örn sem kveðst undir miklum áhrifum frá dansleikhúsi og eiga þar uppáhaldsfyrirmyndir, meðal annarra Lars Øyno sem rekur Grusomhetenteater í Noregi.



**Naleraq Eugineus, framleiðandi og ljósahönnuður Vetrarstjörnu.**

Ívar Örn hefur búið og starfað sem leikari í Noregi síðan 2010 og talar reiprennandi norsku en leikstýrir Grænlendingunum á dönsku. „Ég var aldrei duglegur í dönskunni í gamla daga en hún hefur eflaust hjálpað eitthvað núna, það er samskiptamál okkar leikaranna en sýningin er leikin á grænlensku," segir hann og upplýsir að framleiðandi verksins, Naleraq Eugenius, hafi fengið hann til starfa. „Þetta er fyrsta verkið sem ég leikstýri, að undanskildum þeim sem ég hef sjálfur framleitt og leikstýrt, svo það er mjög ánægjulegt."

Hann kveðst kunna mjög vel við sig í Nuuk. „Erfiðast er auðvitað að vera lengi frá fjölskyldunni en æfingatíminn er sá minnsti mögulegi, einn mánuður. Hingað er erfitt að komast þannig að maður er ekkert að skjótast fram og til baka en æfingar hafa gengið vel. Allir aðstandendur sýningarinnar eru mjög færir í sínu fagi og standa með henni af öllu hjarta."

**ÞEGAR ÉG LENTI Í KANGERLUSSUAQ ÞÁ MÆTTI MÉR MÍNUS 33 GRÁÐU LOFT ÞEGAR ÉG STEIG ÚT ÚR FLUGVÉLINNI. ÞAÐ VAR SOLDIÐ SJOKK EN HITINN HEFUR ROKKAÐ SOLDIÐ.**

Það sem Ívar Örn fílar mest við Grænland er hversu hrátt og ósnortið landið er. „Fyrir mér er það villta vestrið og ég kann vel við mig í svona umhverfi, snertir á einhvern hátt frummanninn í mér. Leikritið fjallar líka, að hluta til, um hina hörðu náttúru hér en fyrstu Grænlendingarnir sem komu hingað og náðu að lifa af voru Thule-fólkið svokallaða sem kom yfir ísinn frá Kanada og Alaska upp úr 1000 e.Kr. Þetta var einstaklega aðlögunarhæft fólk og hafði háþróaðar veiðiaðferðir."

Kuldinn venst að sögn Ívars Arnar. „Þegar ég lenti í Kangerlussuaq þá mætti mér mínus 33 gráðu loft þegar ég steig út úr flugvélinni. Það var soldið sjokk en hitinn hefur rokkað soldið. Er að venjast þessu núna og finnst hressandi að taka kvöldgöngutúr í frostinu."

Aðspurður segir Ívar Örn leikhúshefðina hafa styrkst mikið í Nuuk með stofnun leiklistarskóla fyrir fimm árum og þjóðleikhúss fyrir fjórum árum. „Það er margt spennandi í gangi núna í leiklist og kvikmyndaframleiðslu. Draugasöguhefð er rík hér og fólk elskar að láta hræða sig, hef ég heyrt."

Hann kveðst hafa komið tvívegis til Grænlands áður, bæði skiptin í leikhúslegum tilgangi. Fyrst fyrir fjórum árum með sýninguna Border eftir Jo Strømgren sem hann sýndi í Nuuk og Sisimiut. „Það má segja að ég hafi fallið fyrir landinu og stemningunni þá. Í annað skiptið var ég í Illulissat sem er enn norðar á vesturströndinni. Þá starfaði ég sem aðstoðarleikstjóri fyrir Katrine Faber, sem er dönsk sviðslistakona og mikill Íslandsvinur. Við settum upp stóra sýningu þar sem við blönduðum grænlenskri menningu inn í sýninguna, ásamt nokkrum atvinnuleikurum. Vorum meðal annars með karlakór fiskimanna úr plássinu og áhugaleikhóp tíu kvenna og svo héldu dansararnir okkar breikdansnámskeið í þorpinu og við blönduðum dansandi unglingum inn í sýninguna."

Hópurinn sem stendur að Vetrarstjörnu stefnir á flakk með hana um heiminn. Að sögn Ívars Arnar er hún þegar pöntuð víðs vegar um Grænland og grænlenska ríkissjónvarpið hefur tryggt sér réttinn til að taka hana upp en hefur hún verið pöntuð til Íslands? „Ekki enn en ég veit að Grænlendingum er mjög hlýtt til Íslands og þeir eru spenntir fyrir því að fara með sýninguna þangað."



**Það sem Ívar Örn fílar mest við Grænland er hversu hrátt og ósnortið landið er. Fyrir honum er það villta vestrið.**



**Ujarneq Fleischer sem fer með aðalhlutverkið í Vetrarstjörnu.**

# FORLEIKURINN
# AÐ NAPÓLÍ-SÖGUNUM

**Óþægileg ást** er fyrsta skáldsaga hulduhöfundarins Elenu Ferrante. Gagnrýnendur segja að þetta sé að mörgu leyti forleikurinn að Napólí-bálkinum fræga sem hófst með **Framúrskarandi vinkonu**.






**TILBOÐSVERÐ:**
**3.199.-**
**Verð:**
**3.999.-**

**Óþægileg ást**

★★★★★
Berlingske Tidende

★★★★★★
Verdens Gang


Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Ísafirði - Hafnarstræti 2

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Húsavík - Garðarsbraut 9

Framúrskarandi fyrirtæki

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverðs er 13. febrúar eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# DAGSKRÁ

## Föstudagur



**STEYPUSTÖÐIN**
KL. 20:50
Frábær sería af þessum sprenghlægilegu sketsaþáttum þar sem nokkrir þekktustu og þaulreyndustu grínarar landsins, **Steindi Jr, Saga Garðars, Auðunn Blöndal, María Guðmundsdóttir og Sveppi** eru samankomin, ásamt her skemmtilegra gestaleikara.

Frábært **Föstudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**

**SO YOU THINK YOU CAN DANCE**
KL. 19:25
Stærsta danskeppni í heimi þar sem efnilegir dansarar fá tækifæri til að slá í gegn. Í hverri viku fá þeir krefjandi verkefni og það fækkar í hópnum þar til ný dansstjarna er krýnd.





**MAX STEEL**
KL. 21:25
Þegar Max McGrath hittir vélmennið Steel áttar hann sig á að saman geta þeir myndað hinn ósigrandi orkubolta Max Steel. Ævintýraleg spennumynd á skemmtilegu föstudagskvöldi.

**KEEPING UP WITH THE JONESES**
KL. 22:00
Hjón í úthverfi flækjast inn í alþjóðlegt njósnamál þegar þau uppgötva að ofurvenjulegir nágrannar þeirra eru í raun njósnarar.



**BOB´S BURGER**
KL. 21:35
Þrælskemmtilegir teiknimyndaþættir um mann sem rekur hamborgarastað og skrautlega fjölskyldu hans.






Allt þetta og meira til
á aðeins **333 kr. á dag.**
**365.is**

### STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Tommi og Jenni
**07.45** Ljóti andarunginn og ég
**08.05** The Middle
**08.30** Drop Dead Diva
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Veep
**10.50** Mike & Molly
**11.15** Anger Management
**11.40** The Heart Guy
**12.35** Nágrannar
**13.00** The Portrait of a Lady
**15.20** Murder, She Baked. A Chocolate Chip Cookie Mystery
**16.50** I Own Australia's Best Home
**17.40** Bold and the Beautiful
**18.05** Nágrannar
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** So You Think You Can Dance
**20.50** Steypustöðin Önnur þáttaröð þessara frábæru sketsaþátta þar sem Steindi Jr, Saga Garðars, Auðunn Blöndal, María Guðmundsdóttir og Sveppi eru samankomin aftur, ásamt her sprenghlægilegra gestaleikara. Hér eru á ferðinni þættir sem eru stútfullir af óhefluðu eðalgríni og frábærum karakterum sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**21.15** Max Steel
**22.50** Lights Out
**00.20** The Interpreter Pólitískur spennutryllir með Sean Penn og Nicole Kidman í aðalhlutverkum. Penn leikur leyniþjónustumann sem fenginn er til þess að njósna um túlk, leikinn af Kidman, hjá Sameinuðu þjóðunum sem kveðst hafa orðið vitni að samsæri um að ráða mikilvægan embættismann af dögum. Um leið verður túlkurinn sjálfur skotmark og leyniþjónustumaðurinn þarf að beita allri sinni útsjónarsemi til að vernda hann.
**02.25** We'll Never Have Paris
**04.00** The Portrait of a Lady

### STÖÐ 2 SPORT

**08.30** Stjarnan - Valur
**10.10** ÍR - Þór Þ.
**11.50** Domino's körfuboltakvöld 2017/2018
**13.30** Selfoss - Afturelding
**14.50** Seinni bylgjan
**16.15** NFL Gameday 17/18
**16.45** Stjarnan - Valur
**18.25** Evrópudeildin - fréttaþáttur
**19.15** La Liga Report 2017/2018
**19.45** KR - Grindavík
**22.00** Domino's körfuboltakvöld 2017/2018
**23.40** Millwall - Cardiff City

### STÖÐ 2 SPORT 2

**07.40** Snæfell - Stjarnan
**09.05** Köln - B. Dortmund
**10.45** FA Cup 2017/2018
**12.25** Watford - Chelsea
**14.15** Manchester United - Huddersfield
**15.55** Leicester - Swansea
**17.35** Messan
**19.00** MD í hestaíþróttum - Samantekt 2018
**19.40** Millwall - Cardiff City
**21.45** Premier League Preview 2017/2018
**22.15** PL Match Pack 2017/2018
**22.45** Bundesliga Weekly 2017/2018
**23.15** Leipzig - Augsburg
**02.35** Domino's körfuboltakvöld 2017/2018

### STÖÐ 3

**17.55** Fresh off the Boat
**18.20** Pretty Little Liars
**19.05** Entourage
**19.35** Modern Family
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** First Dates
**21.40** Bob's Burger
**22.05** American Dad
**22.30** The Knick
**23.25** UnReal
Feb 10, 2018
**00.55** Entourage
**01.25** Modern Family
**01.50** Seinfeld
**02.15** Friends
**02.40** Tónlist

### STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.47** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Lalli
**08.55** Rasmus Klumpur og félagar
**09.00** Strumparnir
**09.25** Hvellur keppnisbíll
**09.37** Ævintýraferðin
**09.49** Gulla og grænjaxlarnir
**10.00** Stóri og litli
**10.13** Víkingurinn Viggó
**10.27** K3
**10.38** Mæja býfluga
**10.50** Tindur
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Lalli
**12.55** Rasmus Klumpur og félagar
**13.00** Strumparnir
**13.25** Hvellur keppnisbíll
**13.37** Ævintýraferðin
**13.49** Gulla og grænjaxlarnir
**14.00** Stóri og litli
**14.13** Víkingurinn Viggó
**14.27** K3
**14.38** Mæja býfluga
**14.50** Tindur
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Lalli
**16.55** Rasmus Klumpur og félagar
**17.00** Strumparnir
**17.25** Hvellur keppnisbíll
**17.37** Ævintýraferðin
**17.49** Gulla og grænjaxlarnir
**18.00** Stóri og litli
**18.13** Víkingurinn Viggó
**18.27** K3
**18.38** Mæja býfluga
**18.50** Tindur
**19.00** Emil í Kattholti



**Doddi litli og Eyrnastór kl. 07.47, 11.47 og 15.47**

### GOLFSTÖÐIN

**08.00** PGA Tour 2018
**11.00** Golfing World 2018
**11.50** Farmers Insurance Open
**16.35** Inside the PGA Tour 2018
**17.00** PGA Tour 2018
**20.00** PGA Tour 2018
**23.00** Golfing World 2018

### STÖÐ 2 BÍÓ

**11.25** A Little Chaos
**13.20** A Late Quartet
**15.05** Manglehorn Dramatísk mynd frá 2014 með Al Pacino og Holly Hunter. A.J. Manglehorn er fáskiptinn og sérvitur lásasmiður í Texas sem eyðir deginum aðallega í að annast köttinn sinn, vinna og syrgja konu sem hann elskaði eitt sinn og missti. Hann kynnist gjaldkeranum Dawn, sem hjálpar honum að byrja aftur að lifa lífinu.
**16.40** A Little Chaos
**18.35** A Late Quartet
**20.20** Manglehorn
**22.00** Keeping Up with the Joneses
**23.45** Flight 7500
**01.05** When the Bough Breaks Spennutryllir frá 2016. Eftir að hafa árangurslaust reynt að eignast saman barn ákveða þau John og Laura að ráða staðgöngumóður. Það á ekki eftir að ganga áfallalaust því unga konan sem þau John og Laura ráða í staðgöngumóðurhlutverkið reynist ekki öll þar sem hún er séð en hún ætlar ásamt unnusta sínum að nýta tækifærið og kúga fé út úr hjónunum.
**02.50** Keeping Up with the Joneses

### RÚV

**11.00** ÓL 2018: Setningarathöfn
**13.10** Grikkland hið forna
**14.10** Veröld Ginu
**14.40** Animals in Love
**15.30** Níundi áratugurinn
**16.10** Svikabrögð
**16.40** Nótan 2017
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Froskur og vinir hans
**18.08** Söguhúsið
**18.15** Best í flestu
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** #12 stig
**20.05** Útsvar
**21.25** Vikan með Gísla Marteini
**22.10** Vera - Ungir guðir
**23.40** The One I Love
**01.10** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** King of Queens
**08.23** Dr. Phil
**09.08** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.55** The Late Late Show with James Corden
**10.40** Síminn + Spotify
**13.05** Dr. Phil
**13.47** The Mick
**14.12** Man With a Plan
**14.35** Ghosted
**15.03** Family Guy
**15.28** Glee
**16.14** Everybody Loves Raymond
**16.37** King of Queens
**17.00** How I Met Your Mother
**17.24** Dr. Phil
**18.08** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**18.56** The Late Late Show with James Corden
**19.45** America's Funniest Home Videos
**20.10** The Bachelor
**21.45** The Expendables
**23.30** The Express
**02.20** Prison Break
**03.05** The Walking Dead
**03.50** Shades of Blue
**04.40** Síminn + Spotify

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# ILVA



SESSA-SÓFI
NÚ **74.900**
SPARAÐU 25.000

8. - 18. febrúar

# SÓFADAGAR

# 25%

## af ÖLLUM sófum, svefnsófum og hægindastólum

**Gildir á meðan birgðir endast**

SESSA-sófi. Þriggja sæta. Grátt áklæði. L200 cm. 99.900 kr. Nú 74.900 kr. Sparaðu 25.000 kr.

**KINGSTON CITY**
NÚ **164.900**
SPARAÐU 55.000



**KINGSTON CITY-sófi.** Sandlitað áklæði. L205xD161 cm. 219.900 kr. Nú 164.900 kr. Sparaðu 55.000 kr.

**LISSABON**
NÚ **109.900**
SPARAÐU 40.000



**LISSABON-sófi.** Grátt áklæði og ljósir viðarfætur. Þriggja sæta. L242 cm. 149.900 kr. Nú 109.900 kr. Sparaðu 40.000 kr.

**LISSABON**
NÚ **126.900**
SPARAÐU 43.000



**LISSABON-sófi.** Grátt áklæði og ljósir viðarfætur. Tveggja sæta með legubekk. L258xD138 cm. 169.900 kr. Nú 126.900 kr. Sparaðu 43.000 kr.

**LOKE**
NÚ **95.900**
SPARAÐU 33.000



**LOKE-svefnsófi.** Grátt áklæði. Svefnflötur 140x200 cm. Pokafjöðrun. 129.900 kr. Nú 95.900 kr. Sparaðu 34.000 kr.

**KINGSTON**
NÚ **224.900**
SPARAÐU 75.000



**KINGSTON-sófi með legubekk.** Fallegt grátt áklæði. Legubekkur + 2,5 sæti. L271xD161 cm. 299.900 kr. Nú 224.900 kr. Sparaðu 75.000 kr.

**LOKE**
NÚ **44.900**
SPARAÐU 15.000



**TOLUCA-svefnsófi.** Dökkgrátt áklæði. Svefnflötur 140x197 cm. 59.900 kr. Nú 44.900 kr. Sparaðu 15.000 kr.

**STAVANGER**
NÚ **119.900**
SPARAÐU 40.000



**STAVANGER-sófi.** Tveggja sæta með gráu áklæði. L144 cm. 159.900 kr. Nú 119.900 kr. Sparaðu 40.000 kr.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

Netgíró

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

# Láttu slabbið ekki stoppa þig



Grófir skór koma mjög vel út við síða hvíta kápu og loðhatt.

Oft var þörf en nú er nauðsynlegt að vera vel skóaður. Það er fátt ósmartara en að skauta um skaflana á fíngerðum skóm, svo ekki sé minnst á hvað saltið og vatnið fer illa með þá. Kuldaskór eru málið, skór sem þola allt og eru með grófum sóla sem nær gripi á svellinu. Það vill svo skemmtilega til að nú er útivistartískan sjóðandi heit, eitthvað sem við hér á Íslandi ættum að nýta okkur. Glamour tók saman nokkra góða skó sem passa við allt.



Hattur með deri ver þig fyrir ýmsum veðrum.






GLAMOUR
Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram • Twitter






Y/Project kom með ansi þykka og einkennilega útgáfu af Ugg skóm á tískuvikunni.









Hvítar reimar á svörtum skóm koma mjög vel út hjá þessum.




# ÖRUGGUR BÍLL OG FERÐIN VERÐUR ÁNÆGJULEGRI

## Vertu með allt á hreinu á nýskoðuðum bíl frá Frumherja

Vörubílar · Eftirvagnar · Sendibílar · Hestakerrur · Hópbílar · Fólksbílar/jeppar · Felli -og hjólhýsi · Mótorhjól · Tjaldvagnar/kerrur

IS OV 19 342

Mundu að aftasti stafurinn í bílnúmerinu þínu táknar þann mánuð sem mæta á með bílinn í skoðun.

## BIFREIÐASKOÐUN UM ALLT LAND

**STARFSMENN FRUMHERJA SKOÐA BÍLA Á 30 STÖÐUM UM LAND ALLT, ÞAR AF ERU 7 STÖÐVAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Á ökutækjasviði Frumherja hf. er almennum skoðunum sinnt, s.s. aðalskoðunum, endurskoðunum, breytingaskoðunum, ástandsskoðunum og tjónaskoðunum. Einnig sinnir ökutækjasvið skráningarstarfsemi vegna ökutækja, t.d. móttöku eigendaskiptatilkynninga, og veitir tæknilega þjónustu. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu okkar frumherji.is




Frumherji
www.frumherji.is

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is















# Uppfærsla Snapchat fær falleinkunn

Nýjasta uppfærsla Snapchat fær ekki háa einkunn frá notendum. Síðan fyrirtækið fór á markað í febrúar hafa eigendur verið ósáttir við daglega notendur og tekjuöflun – sem er langt fyrir neðan viðmið.

Samskiptaforritið Snapchat hefur sent frá sér nýja uppfærslu og hafa viðtökurnar verið langt frá því að vera góðar. Forritið hefur verið endurhannað frá grunni og aðdáendur hafa verið duglegir að láta vita að þeir eigi erfitt með að finna sitt uppáhalds, nefnilega My story.

Einn vinsælasti snappari landsins, Sonja Rut Valdin, segir að hún eigi eftir að venjast uppfærslunni en aðdáendur hennar geta andað rólega því hún er ekkert að fara hætta að setja inn gott efni á Snappið þar sem hún heitir Sonjastory.

„Ég á eftir að venjast þessu. En þegar fólk er búið að gera það þá verður þetta ekkert mál. Ég ætla allavega ekkert að hætta. En með þessa uppfærslu, það er fyrst erfitt að átta sig en þetta mun koma,“ segir hún.

**„ÉG ÆTLA ALLAVEGA EKKERT AÐ HÆTTA. EN MEÐ ÞESSA UPPFÆRSLU, ÞAÐ ER FYRST ERFITT AÐ ÁTTA SIG EN ÞETTA MUN KOMA.“**

Sonja Rut Valdin



**40**

**PRÓSENT ALLRA NOTENDA SNAPCHAT EIGA AÐ VERA KOMIN MEÐ UPPFÆRSLUNA.**

Hún bendir á að það sé oft með uppfærslur á vinsælum forritum að það taki smá tíma til að þær skili sér til notenda. „Mér finnst Snapchat svo skemmtilegt og ég hef svo gaman af þessu. Ég læt svona ekkert stoppa mig,“ segir hún en hún var á leið í tökur fyrir Eurovision-þátttöku sína og gat því lítið rætt uppfærsluna meira.

Twitter-reikningur Snapchat hefur verið rauðglóandi frá því að uppfærslan var tilkynnt og margir hreinlega að kasta inn handklæðinu. Talsmaður forritsins sagði í vikunni í yfirlýsingu að umfangsmiklar uppfærslur sem þessar tækju tíma að venjast en vonaði að fólk myndi njóta hennar í framtíðinni.

Tilkynnt var um uppfærsluna í nóvember eftir að notendum fór fækkandi og tekjurnar fóru að minnka. Þá sagði forstjórinn, Evan Spiegel, að fyrirtækið væri tilbúið að taka áhættuna af að endurhanna forritið. **benediktboas@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Máté Dalmay *mate@frettabladid.is* Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*

blómaval

# POTTA-PLÖNTUR

## ALLTAF MIKIÐ ÚRVAL






**Orkidea**
2greina
1.790kr
~~2.690kr~~
11325000

## ÞÚ FÆRÐ ALLT FYRIR FERMINGUNA Í BLÓMAVALI



# 20%
**afsláttur**
**af allri fermingarvöru**



**Drekakústur Deremensis**
11 cm pottur
699kr
~~999kr~~
11328347



**Sólhlífartré**
(polyscias)
11cm pottur
690kr
~~990kr~~
11328173



**Burkni**
11 cm pottur
799kr
~~1.190kr~~
11400078



**Begónia**
12 cm pottur
1.390kr
~~1.990kr~~
11400027



**Yucca**
11 cm pottur
990kr
~~1.490kr~~
11261451

**Yucca**
19 cm pottur
2.990kr
~~4.490kr~~
11261449



**Friðarlilja**
12 cm pottur
1.099kr
~~1.579kr~~
11400082



**Sómakólfur**
11 cm pottur
2.390kr
~~3.490kr~~
11328264



**Ástareldur**
12 cm pottur
799kr
~~1.199kr~~
11328235



**Drekatré**
19 cm pottur
3.290kr
~~4.790kr~~
11400101



**Monstera**
Rifblaðka
1.799kr
~~2.690kr~~
11328481

**Kaktusar og þykkblöðungar**
margar gerðir
verð frá
419kr
~~749kr~~
11328043





Skoðaðu úrvalið í vefverslun
**blomaval.is**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Þórarins Þórarinssonar




## Limlestingar

Frumvarp til laga um bann við því að klippa litlu tá vinstri fótar af sveinbörnum hefur vakið mikla athygli og það sem undarlegra er nokkrar deilur.

Djók! Það þarf ekkert að lögfesta bann við því að fjarlægja tá af strákum. Það er svo galið að sérstakt bann er óþarft. Önnur og undarlegri lögmál gilda um blessaða forhúðina. Hana þarf að vernda með lögum fyrir draugum fortíðar sem ganga enn ljósum logum með tangir sínar og skurðartól.

Það fyrirfinnst í alvöru fólk árið 2018 sem telur sér ljúft og skylt að standa vörð um getnaðarlimlestingar. Einna helst vegna þess að í einhverjum samfélögum sé fyrir þeim árþúsunda hefð og því sé barasta alveg ótækt að svipta foreldra réttinum til þess að láta limlesta börnin sín.

Þeir sem standa vörð um umskurð drengja láta eins og það séu mannréttindi að foreldri geti með geðþóttaákvörðun látið skera í heilbrigðan vef á líkama barns síns. Reginfirra. Það eru forréttindi að geta refsilaust limlest barnið sitt. Fornaldarleg forréttindi sem ber að afnema.

Hefðir geta verið ógeðslegar og mannfjandsamlegar, ekki síst þegar þær eiga rætur í grárri forneskju hvar heimska, bábiljur og hindurvitni voru merkingarmiðjan. Í Kína er löng hefð fyrir dauðarefsingum. Í Afganistan er góð og gild hefð fyrir því að grýta konur fyrir minna en engar sakir.

Að sjálfsögðu ber okkur að fordæma slíka villimennsku hvað sem öllum hefðum og fornum hálfvitagangi líður.

Manneskjan er snilldarlega samansett frá náttúrunnar hendi og allt, nema kannski botnlanginn, er nákvæmlega á sínum rétta stað. Þetta á við bæði um litlu tá og forhúðina á strákunum.











AÐ SOFA ER EITT – AÐ HVÍLAST ER ANNAÐ
ALLT ÞAÐ NÝJASTA FRÁ TEMPUR
BETRA BAK – LEGGUR GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI




TEMPUR® Hybrid
Hönnuð fyrir sneggra viðbragð





TEMPUR® Contour
Hönnuð fyrir meiri stuðning

TEMPUR® Cloud
Hönnuð fyrir meiri mýkt





MicroTech frá Tempur
Fyrir þá sem kjósa Tempur® á betra verði

QUICKREFRESH™ ÁKLÆÐI
Rennilás gerir það afar einfalt er að taka Quick-Refresh áklæðið af TEMPUR dýnunni og þvo.



FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

Betra BAK